




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2016

Lagt fram í borgarráði
27. apríl 2017

1. Aðalsjóður	2
1.1 Íþrótt- og tómstundasvið	3
1.2 Menningar- og ferðamálasvið	5
1.3 Skóla- og frístundasvið	7
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	12
1.5 Velferðarsvið	14
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	17
1.6 Miðlæg stjórnsýsla	19
1.7 Sameiginlegur kostnaður	20
1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	21
2. Eignasjóður	22
3.4.1 Fjárfestingar Eignasjóðs	23
2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	24
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	25
3. Bílastæðasjóður	26
4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	27
5. Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	29
6. Lykiltölur mannauðs	30
7. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun	32
8. Innheimtuárangur	33
Viðauki 1: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana	34
Viðauki 2: Rekstraruppgjör skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins	37

1. Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	100.724	98.530	2.194	2,2%
Laun og launat.gj.	49.723	50.403	-680	-1,3%
Hækkun lífeyrisk.b	5.012	5.000	12	0,2%
Annar rekstrark.	53.946	54.528	-582	-1,1%
Fjármagnsliðir	4.545	4.122	423	10,3%
Rekstrarniðurstaða	-3.411	-7.279	3.868	-53,1%

sem var 330 mkr yfir áætlun í tekjum. Önnur frávik voru minni. Nánari umfjöllun um frávik tekna er að finna í umfjöllun um hvert svið hér á eftir.

Rekstrargjöld voru 108.681 mkr eða 1.251 mkr undir fjárheimildum. **Launakostnaður** var 49.723 mkr eða 680 mkr undir fjárheimildum eða 1,3%. Stærstu frávik má finna í launakostnaði hjá Skóla- og frístundasviði 582 mkr undir fjárheimildum og hjá sameiginlegum kostnaði sem var 332 mkr undir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldabindingar** nam 5.011 mkr og var 12 mkr yfir fjárheimildum. **Annar rekstrarkostnaður** var 53.946 mkr eða 582 mkr undir fjárheimildum². Þar af var innri leiga var 13.454 mkr og var 158 mkr undir áætlun þar sem verðbólga á tímabilinu var lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 12 mkr.

Nettó fjármunatekjur voru 4.545 mkr eða 423 mkr yfir áætlun. Þar af voru tekjur af ábyrgðagjaldi 265 mkr yfir áætlun og arður af eignarhlutum 150 mkr yfir áætlun.

Heildareignir voru 73.732 mkr, þar af fastafjármunir 52.062 mkr og veltufjármunir 21.670 mkr. Veltufjárhlutfall var 1,41.

Skuldir og skuldabindingar voru 43.836 mkr og eigið fé 29.896 mkr. **Eigið fé** lækkar úr 33.307 mkr í ársbyrjun í 29.896 mkr í árslok t. Þessi lækking skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 562 mkr. Handbært fé í lok tímabils nam 8.447 mkr.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 3.411 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 7.279 mkr og var niðurstaðan því um 3.868 mkr betri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrartekjur voru 100.724 mkr eða 2.194 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 77.964 mkr eða 574 mkr yfir áætlun. Þar af voru nettó útsvarstekjur um 62.243 mkr eða 1.317 mkr yfir áætlun eða um 2,2%. Hækkun útsvarstekna má aðallega rekja til þess að staðgreiðsla var 913 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fasteignaskattar voru 15.721 mkr eða 743 mkr undir áætlun en endurálagning fasteignagjalda vegna breytts fasteignamats Hörpu fyrir árin 2011-2016 vó þar þýngst eða 737 mkr.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 6.704 mkr eða 565 mkr yfir áætlun.¹


Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 16.057 mkr og voru 1.054 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna hjá Skóla- og frístundasviði sem var 331 mkr yfir áætlun í tekjum og hjá Íþrótt og tómstundasviði



¹ Sjá umfjöllun frammar í kafla um A-hluta í greinargerð Fjármálskrifstofu með ársuppgjöri Reykjavíkurborgar.

² Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.715	1.386	330	23,8%
Laun og launat. gj.	1.954	1.931	22	1,1%
Annar rekstark.	6.470	6.290	180	2,9%
Rekstrarniðurstaða	6.708	6.835	-127	-1,9%

skíðasvæðanna sem voru 45 mkr yfir fjárheimildum. Innri leiga sviðsins var 22,4 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu.

Málaflokkar ÍTR (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar-niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Styrkir	62	43	19	0	0	0	3.216	3.213	3	3.154	3.170	-16	-0,5%
Sundlaugar	935	788	147	907	909	-2	1.270	1.209	62	1.242	1.330	-88	-6,6%
Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu	376	279	97	183	148	34	279	234	45	86	103	-17	-16,4%
Frístundakort	0	0	0	10	10	0	517	516	1	527	527	1	0,2%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	193	177	15	249	262	-14	174	146	28	230	230	-1	-0,3%
Hitt húsið	52	30	22	287	304	-17	134	124	11	370	398	-29	-7,2%
Hátíðahöldin 17. júní	6	0	6	1	0	1	16	12	4	11	12	-1	-5,5%
Ylströndin	18	9	9	28	27	0	45	41	4	54	59	-5	-8,3%
Síglunes	5	4	0	21	19	2	18	17	2	34	31	3	9,0%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	78	65	13	78	65	13	20,3%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	118	116	2	29	33	-5	146	149	-3	-2,0%
Atvinnumál	0	0	0	67	66	2	1	2	-1	68	68	0	0,2%
Íþróttahús	42	39	3	21	23	-2	504	496	8	483	480	2	0,5%
Þjónusta við félög	0	0	0	0	0	0	72	54	18	72	54	18	33,0%
Langtímaveikindi	0	0	0	43	33	10	0	0	0	43	33	10	31,2%
Annað	26	16	10	19	13	6	116	129	-12	109	126	-16	-12,9%
Samtals	1.715	1.386	330	1.954	1.931	22	6.470	6.290	180	6.709	6.834	-126	-1,8%

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 2.134 mkr sem var 6 mkr eða 0,3% undir fjárheimildum.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða vegna sundlauga var um 1.242 mkr sem var 88 mkr eða 6,6% undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru 147 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 18,7% yfir áætlun. Skýrist það helst af meiri aðsókn. Annar rekstrarkostnaður var 62 mkr eða 5,1% yfir fjárheimildum.

Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakortsins var 527 mkr sem er í samræmi við áætlun.

Hitt húsið var 29 mkr undir fjárheimildum. Skýrist það af að tekjur voru 22 mkr yfir áætlun. Þá var launakostnaður 17 mkr undir fjárheimildum, þar sem stöður í frístund fatlaðra framhaldskólanema voru ekki fullmannaðar. Þrátt fyrir það var þjónustan ekki skert. Annar rekstrarkostnaður var 11 mkr yfir fjárheimildum.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Íþróttá- og tómstundasviðs.

Lykiltölur úr rekstri - ÍTR	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Aðsókn að sundstöðum ÍTR (þús)	1.822	1.758	1.807	1.828	1.866	2,1%
Aðsókn að Ylströnd (þús)	485	480	470	470	470	0,0%
Vetraraðsókn að Ylströnd (þús)	9,9	10,7	13,3	16,0	15,9	-0,6%
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarði (þús)	174	171	172	178	174	-2,2%
Innri leiga ÍTR (mkr)	1.943	2.085	2.229	2.335	2.441	4,5%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarafkoma sviðsins var um 127 mkr undir fjárheimildum sem skýrst helst af því að rekstrarniðurstaða sundlauganna var 88 mkr undir fjárheimildum þar sem að tekjur af aðsókn voru hærrí en áætlánir gerðu ráð fyrir, auk þess sem Hitt húsið var 29 mkr undir fjárheimildum einkum þar sem tekjur voru umfram áætlun.

1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	447	389	58	15,0%
Laun og launat. gj.	1.211	1.240	-29	-2,4%
Annar rekstark.	3.434	3.440	-6	-0,2%
Rekstrarniðurstaða	4.198	4.291	-93	-2,2%

yfir áætlun eða um 26%. Öll söfnin sem innheimta aðgangseyri voru yfir tekjumarkmiði tímabilsins og skýrist það m.a. af markaðssókn sem náði til aukins fjölda erlendra ferðamanna.

Laun og launatengd gjöld voru 1.211 mkr sem var 29 mkr eða 2,4% undir fjárheimildum. **Borgarsögusafn** var um 6 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins eða um 2,3% sem skýrist að mestu af aukavöktum og afleysingum vegna aukins fjölda gesta og lokauppgjóri starfsmanns sem ekki var á áætlun. **Borgarbókasafn** var um 26 mkr eða 4,6% undir fjárheimildum á launaliðnum. Töluverð starfsmannavelta var á árinu og ekki var ráðið strax í allar stöður sem losnuðu til að vega upp á móti tekjutapi og auknum kostnaði. **Höfuðborgarstofa** var um 15 mkr undir fjárheimildum sem rekja má til stöðugilda sem voru ósetin hluta af tímabilinu.

Annar rekstrarkostnaður var 3.434 mkr og var 6 mkr eða 0,2% undir fjárheimildum ársins. Framlög til Hörpu voru um 28 mkr undir fjárheimildum, styrkir til Leikfélags Reykjavíkur voru undir um 7,6 mkr og innri leiga var í heild undir um tæpar 7 mkr, en vísitala ársins var lægri en forsendur gerðu ráð fyrir. Stofnanir sviðsins voru allar yfir fjárheimildum í rekstrarkostnaði og var því mætt með auknum tekjum og styrkjum og í sumum tilfellum með sparnaði í launakostnaði. **Borgarsögusafn** var 21 mkr yfir áætlunum kostnaði. Farið var í ýmis áriðandi verkefni sem ekki voru á áætlun og má þar nefna flutninga á geymslum, viðhald og skráningu safngripa og muna, vinnu við vörumerkjastefnu og tekjuaflandi verkefni s.s. undirbúning að nýrri grunnsýningu, nýjan myndasöluvef og nýja tölvuskjásýningu. **Höfuðborgarstofa** var 16 mkr yfir áætlunum kostnaði m.a. vegna flutnings skrifstofu og Umferðarmiðstöðvar ferðamanna auk aukins rekstrar- og markaðskostnaðar miðstöðvarinnar vegna fjölgunar gesta. **Listasafnið** var 10 mkr yfir fjárheimildum – aðallega vegna dýrari sýninga, búnaðarkaupa og breytinga á húsnæði. **Borgarbókasafnið** var yfir um 6 mkr – aðallega vegna hækkunar á verði bóka og innleiðingu rafbóka, aukins krafts í markaðssetningu og vinnu við þjónustustefnu. Kostnaður sem bókaður er á safnliðnum Annað var 19 mkr undir fjárheimildum og var það að stærstum hluta vegna ófyrirséðs og sameiginlegs kostnaðar sem ekki reyndist nauðsynlegt að nýta á árinu.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.198 mkr sem var 93 mkr eða 2,2% undir fjárheimildum. Í heild voru allar stofnanir sviðsins og yfirstjórn undir fjárheimildum ársins.

Tekjur ársins voru 447 mkr sem var 58 mkr eða 15% yfir áætlun. Um 20 mkr vegna styrkja sem ekki voru fullnýttir á árinu voru færðir yfir á árið 2017. Stærstu frávik voru á **Borgarsögusafni** með tæpar 36 mkr eða rúm 20% umfram áætlun sem skýrist að mestu vegna 30 mkr hærri tekna af aðgangseyri auk þess að tekjur af styrkjum og öðrum sértekjum voru um 6 mkr yfir áætlun. Um 9 mkr vegna styrkja sem ekki voru fullnýttir voru færðir yfir á árið 2017. **Listasafnið** var yfir tekjuáætlun um 15 mkr eða rúmlega 14% og þar af voru 10,3 mkr vegna aðgangseyris og aukning var einnig í sértekjum. **Höfuðborgarstofa** var 4 mkr yfir áætlun eða um tæp 8%. Munar þar helst um auknar tekjur af

Upplýsingamiðstöð og Gestakorti. Tekjur á **Borgarbókasafni** voru á pari en tekjur af skírteinum og sektum voru um 4,8 mkr undir áætlun en 3 mkr styrkur sem ekki var á áætlun og aukning tekna vegna húsaleigu og Artóteks vógu upp á móti tekjutapinu. Hjá **Bókmenntaborginni** var afgangur af styrkjum um 10,4 mkr sem ekki voru á áætlun færð yfir á árið 2017. Tekjur sviðsins í heild vegna **aðgangseyris** voru um 41,4 mkr

Málaflokkar MOF (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn	0	0	0	92	94	-2	12	15	-3	104	109	-5	-5,0%
Höfuðborgarstofa	56	52	4	90	105	-15	140	124	16	174	177	-4	-2,0%
Borgarbókasafn	55	55	0	527	553	-26	396	390	6	868	888	-19	-2,2%
Listasafn Reykjavíkur	118	103	15	187	184	3	310	300	10	379	380	-1	-0,4%
Borgarsögusafn	212	176	36	282	275	6	366	345	21	436	445	-9	-2,0%
Bókmenntaborg UNESCO	4	1	3	18	19	0	24	21	3	38	39	-1	-2,2%
Önnur sérverkefni	0	0	0	5	5	0	10	13	-3	15	18	-3	-19,0%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	1.342	1.350	-8	1.342	1.350	-8	-0,6%
Framlög	0	0	0	0	0	0	789	817	-28	789	817	-28	-3,4%
Annað	1	2	0	9	5	4	46	65	-19	54	68	-14	-21,2%
Samtals	447	389	58	1.211	1.240	-29	3.434	3.440	-6	4.198	4.291	-93	-2,2%

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Menningar- og ferðamálasviðs:

Lykiltölur úr rekstri - MOF	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Gestafjöldi						
Borgarbókasafn	636.970	626.015	598.900	684.661	635.765	-7,1%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg *	108.514	106.292	102.652			
Listasafn Reykjavíkur	171.138	203.053	200.573	231.347	240.913	4,1%
Borgarsögusafn Reykjavíkur **				216.676	245.908	13,5%
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	29.592	35.247	49.398			
Minjasafn Reykjavíkur	66.650	71.414	86.044			
Viðey	22.295	22.302	23.203			
Sjóminjasafnið***			34.542			
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	257.025	299.088	337.676	370.930	474.634	28,0%
Borgarbókasafn - útlán	985.802	916.037	853.128	832.782	737.419	-11,5%
Fjöldi listaverka í eigu Listasafns	16.483	16.778	16.920	16.939	17.046	0,6%

* Menningarmiðstöðin Gerðuberg sameinaðist Borgarbókasafni 1.1.2015


** Borgarsögusafn tók til starfa 1.6.2014 og stendur saman af Minjasafni, Ljósmyndasafni, Viðey og Sjóminjasafni

*** Sjóminjasafnið kom yfir til MOF 1.6.2014

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarafkoma sviðsins var um 93 mkr undir fjárheimildum sem að hluta má rekja til aukinna styrkja til sviðsins, þess að stöður voru ekki fullmannaðar allt árið og þess að framlag til Hörpu og Leikfélags Reykjavíkur voru lægri en áætlað var vegna lægri verðbólgu á árinu.

1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	4.112	3.782	331	8,7%
Laun og launat. gj.	28.474	29.056	-582	-2,0%
Annar rekstark.	17.813	17.097	715	4,2%
Rekstrarniðurstaða	42.174	42.371	-197	-0,5%

Annar rekstrarkostnaður var 17.813 mkr sem var 715 mkr yfir fjárheimildum eða 4,2%. Þar af var annar kostnaður grunnskólahluta 468 mkr yfir fjárheimildum eða 4,8%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 221 mkr yfir fjárheimildum eða 4,7%. Annar kostnaður frístundahluta var 128 mkr yfir fjárheimildum eða 18,6%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 47 undir fjárheimildum eða 14,7%. Annar kostnaður listaskóla og námsflokka var 54 mkr undir fjárheimildum eða 3,6%.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Skóla- og frístundasviðs á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 42.174 mkr sem var 197 mkr undir fjárheimildum ársins eða 0,5%.

Tekjur voru 4.112 mkr sem var 331 mkr yfir áætlun eða 8,7%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 278 mkr yfir áætlun eða 18,5%. Hjá leikskólahluta voru tekjur 40 mkr undir áætlun eða 2,5%. Tekjur frístundahluta voru 89 mkr yfir áætlun eða 14,6%. Tekjur listaskóla og námsflokka voru um 9 mkr undir áætlun eða 13,5% og tekjur yfirstjórnar/miðlægra liða var 11 mkr yfir áætlun, þar af voru 6,6 mkr námsleyfasjóður grunnskóla.

Laun og launatengd gjöld voru 28.474 mkr sem var um 582 mkr undir fjárheimildum eða 2,0%. Þar af voru laun grunnskólahluta um 245 mkr undir fjárheimildum eða 1,6%. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 251 mkr undir fjárheimildum eða 2,6%. Launakostnaður frístundahluta var 132 mkr undir fjárheimildum eða 4,9%. Launakostnaður yfirstjórnar/ miðlægra liða var um 41 mkr yfir fjárheimildum eða 6,0%. Launakostnaður listaskóla og námsflokka var 6 mkr yfir fjárheimildum eða 2,3%.

Annar rekstrarkostnaður		mkr
Innri leiga húsnæðis og búnaður		8.735
Framlög til sjálfstætt starfandi stofnana		4.550
Annar ýmiss kostnaður:		
Hráefni í mótuneyti	1.435	
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	450	
Aðkeypt ræsting og hreinlætisvörur	397	
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	404	
Rafmagn, hiti og vatn	381	
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðað	1.460	
Samtals annar kostnaður		4.527
Samtals annar rekstrarkostnaður		17.813

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.784	1.506	278	18,5%
Laun og launat. gj.	15.580	15.825	-245	-1,6%
Annar rekstark.	10.317	9.849	468	4,8%
Rekstrarniðurstaða	24.113	24.169	-56	-0,2%

Rekstrarniðurstaða grunnskólahluta SFS var 24.113 mkr eða 0,2% undir fjárheimildum ársins eða 56 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.784 mkr sem var 278 mkr eða 18,5% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 30,2 mkr lægri en áætlað var

og tekjur vegna uppgjors sveitarfélaga vegna skólakostnaðar nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 107 mkr yfir áætlun. Aðrar sértekjur voru 36,8 mkr yfir áætlun og fengnir styrkir og önnur framlög 145 mkr umfram áætlun, kostnaður á móti styrkjum bókast ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður grunnskólahluta var 15.580 mkr sem var 245 mkr eða 1,6% undir áætlun. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar og geta því verið tilfærslur á milli liða.

Annar rekstrarkostnaður var 10.317 mkr sem var um 468 mkr eða 4,8% yfir áætlun.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinnna grunnskóla og tengdra liða, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 23.315 mkr. Fjárheimildir námu 23.367 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 52 mkr undir fjárheimildum eða 0,2%. Úthlutunarpottar grunnskóla og aðrir sameiginlegir liðir voru samanlagt með afgang á fjárheimildum á tímabilinu 136 mkr sem var hluti af rekstrarniðurstöðu grunnskólanna.

Borgarreknir grunnskólar: Halli á rekstri borgarrekinnna grunnskóla var 84 mkr. Á tímabilinu voru 19 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 17 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 19 var 225 mkr. Það voru sex grunnskólar með 2% halla eða meira yfir áætlun, halli þeirra var 132,2 mkr. Samanlagður afgangur grunnskólanna 17 var 141,1 mkr.³

Borgarreknir grunnskólar með halla yfir 2%						
Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Háaleitisskóli	-0,6	-15,0	-22,4	-38,0	-4,47%	Halli 4% og yfir
Seljaskóli	1,7	-18,9	-7,2	-24,4	-3,20%	Halli 2-3,99%
Ölduselsskóli	6,3	-15,2	-11,4	-20,3	-2,82%	Halli 2-3,99%
Sæmundarskóli	2,8	-11,3	-11,5	-20,0	-2,70%	Halli 2-3,99%
Rimaskóli	-0,8	-20,4	3,8	-17,4	-2,33%	Halli 2-3,99%
Háteigsskóli	2,7	4,4	-19,1	-12,1	-2,14%	Halli 2-3,99%
Samtals (mkr)	12,1	-76,5	-67,8	-132,2		

Sameiginlegir liðir tengdir grunnskólum

Endurúthlutunarpottur var með afgang sem nam 26,8 mkr.

Skólaakstur, sundakstur og akstur með fatlaða nemendur var 379 mkr sem var 22 mkr umfram fjárheimildir.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar, kostnaður við sjálfstætt starfandi grunnskóla var 799 mkr sem var 3 mkr undir áætlun eða 0,4%.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.563	1.603	-40	-2,5%
Laun og launat. gj.	9.344	9.596	-251	-2,6%
Annar rekstark.	4.952	4.731	221	4,7%
Rekstrarniðurstaða	12.734	12.724	10	0,1%

Rekstrarniðurstaða leikskólahluta SFS var 12.734 mkr sem var 10 mkr yfir fjárheimildum ársins eða 0,1%.

Tekjur leikskólahluta voru um 40 mkr undir áætlun eða 2,5%

Launakostnaður leikskólahluta var 9.344 mkr sem var 251 mkr undir fjárheimildum eða 2,6%.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 221 mkr yfir fjárheimildum eða 4,7%.

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Rekstrarhalli var á borgarreknnum leikskólum og tengdum liðum að fjárhæð 120,3 mkr eða 1,2%. Heildarútgjöld námu 10.530 mkr en fjárheimildir voru 10.410 mkr. Tekjur námu 1.563 mkr og voru 40 mkr undir áætlun. Launakostnaður nam 9.344 mkr og var 251 mkr undir fjárheimildum en annar rekstrarkostnaður var 2.749 mkr og var 332 mkr yfir fjárheimildum.

Leikskólar með 2% eða meiri halla voru 19, halli þeirra var 138,4 mkr. Af 61 leikskólum voru 37 með hallarekstur, samtals að fjárhæð 174,9 mkr. Leikskólar með rekstrarafgang voru 24 að fjárhæð 88,3 mkr.⁴

³ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu grunnskóla er að finna í viðauka 1.

⁴ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu leikskóla er að finna í viðauka 1.

Borgarreknir leikskólar með halla yfir 2%						
Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður		Frávik %	Rekstrarniðurstaða
			frávik	Samtals frávik		
Jörfi	0,0	-10,0	-1,1	-11,0	-8,08%	Halli 4% og yfir
Vesturborg	0,3	-7,8	-1,8	-9,3	-7,81%	Halli 4% og yfir
Hlíð	0,0	-9,1	-4,7	-13,8	-6,41%	Halli 4% og yfir
Engjuborg	0,0	3,9	-11,9	-8,0	-6,30%	Halli 4% og yfir
Sólborg	0,3	-4,8	-6,3	-10,8	-5,03%	Halli 4% og yfir
Miðborg	1,7	-11,6	-1,1	-11,0	-4,74%	Halli 4% og yfir
Hagaborg	0,1	-6,2	-2,0	-8,1	-4,59%	Halli 4% og yfir
Geislabaugur	0,0	-7,2	-1,8	-9,0	-4,51%	Halli 4% og yfir
Grandaborg	0,4	-7,0	-0,2	-6,7	-4,34%	Halli 4% og yfir
Mýri	0,0	-2,4	-0,4	-2,8	-4,01%	Halli 4% og yfir
Borg	0,0	2,7	-10,6	-7,9	-3,68%	Halli 2-3,99%
Múlaborg	0,0	-2,9	-3,9	-6,8	-3,27%	Halli 2-3,99%
Hulduheimar	0,2	7,8	-12,4	-4,4	-3,24%	Halli 2-3,99%
Tjörn	0,0	-1,5	-3,5	-4,9	-2,87%	Halli 2-3,99%
Maríuborg	0,0	-2,2	-2,1	-4,4	-2,84%	Halli 2-3,99%
Grænaborg	0,2	2,1	-5,7	-3,4	-2,52%	Halli 2-3,99%
Drafnarsteinn	2,4	-5,9	-1,5	-4,9	-2,52%	Halli 2-3,99%
Álftaborg	0,1	6,2	-10,2	-3,8	-2,36%	Halli 2-3,99%
Langholt	0,6	-6,7	-1,1	-7,2	-2,35%	Halli 2-3,99%
Samtals (mkr)	6,2	-62,3	-82,3	-138,4		

Endurúthlutun og miðlægt var 34 mkr yfir fjárheimildum. Endurúthlutunarpotturinn er ætlaður til að tryggja leikskólum fjármagn í samræmi við fjölda og aldur barna á hverjum tíma. Undir þennan lið fellur einnig uppgjör á milli sveitarfélaga vegna leikskólagjalda þar eru gjöld umfram tekjur 28 mkr og halli á sérkennslu 7 mkr.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 1.782 mkr sem var um 38 mkr undir fjárheimildum.

Dagforeldrar útgjöld voru 422 mkr sem var um 73 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	700	610	89	14,6%
Laun og launat. gj.	2.577	2.709	-132	-4,9%
Annar rekstark.	813	685	128	18,6%
Rekstrarniðurstaða	2.691	2.784	-94	-3,4%

Rekstrarniðurstaða frístundahluta SFS var 2.691 mkr sem var 94 mkr undir fjárheimildum ársins eða 3,4%

Tekjur voru 700 mkr sem var um 89 mkr yfir áætlun eða 14,6%. Tekjur af þjónustu við börn úr öðrum sveitarfélögum voru 113 mkr yfir áætlun í Klettaskóla.

Laun og launatengd gjöld voru 2.577 mkr sem var 132 mkr eða 4,9% undir fjárheimildum þar sem ekki hefur tekist að fullmanna allar stöður og mikið aðhald hefur verið í mannahaldi.

Annar rekstrarkostnaður var 813 mkr sem var um 128 mkr eða 18,6% yfir fjárheimildum.

Endurúthlutun og miðlægir liðir útgjöld voru 72 mkr eða 15 mkr undir fjárheimildum eða 17,6%.

Frístundamiðstöðvar að meðtöldum frístundaheimilum voru rekin með afgangi 85 mkr en frístundaklúbbar voru með halla að 6 mkr.

Starfstöðvar voru samtals 78 mkr undir áætlun. **Miðlægir liðir** voru samtals undir áætlun sem nam 15 mkr. Í heild var kostnaður 94 mkr undir áætluðum rekstrarkostnaði.

Yfirstjórn og miðlægir liðir

SFS Yfirstjórn (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	11	0	11	
Laun og launat. gj.	715	674	41	6,0%
Annar rekstark.	273	320	-47	-14,7%
Rekstrarniðurstaða	976	994	-17	-1,7%

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 976 mkr sem voru 17 mkr undir fjárheimildum eða 1,7%, sem skiptist þannig:

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 855 mkr sem var 17 mkr yfir fjárheimildum eða 2%.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 122 mkr eða um 34 mkr undir fjárheimildum eða 22%. Skýringin liggur í námsstyrkjum og styrkjum sem eftir er að greiða út og flytjast yfir á 2017.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	55	63	-9	-13,5%
Laun og launat. gj.	257	251	6	2,3%
Annar rekstark.	1.458	1.512	-54	-3,6%
Rekstrarniðurstaða	1.660	1.700	-40	-2,3%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar Útgjöld voru samtals 1.660 mkr eða um 40 mkr undir fjárheimildum eða 2,3% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar útgjöld voru 1.281 mkr eða 10 mkr undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber

kostnaðinn af nam 869 mkr og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 412 mkr.

Skólahljómsveitir útgjöld voru 218 mkr eða 13 mkr yfir fjárheimildum.

Endurúthlutnarpottur tónlistarskóla og skólahljómsveita var 47 mkr undir fjárheimildum. Helsta ástæðan er uppgjör tónlistarskólana vegna eldri skulda við SFS, en því uppgjöri lýkur á árinu.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar útgjöld voru 156 mkr, sem var 5 mkr yfir fjárheimildum. Námsflokkar Reykjavíkur voru 6 mkr yfir fjárheimildum en framlög til framhaldsskóla voru 1 mkr undir fjárheimildum og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík var samkvæmt áætlun.

Langtímaforföll

Langtímaforföll (mkr)	Starfstaðir Gjaldfærð langtímaforföll	Starfstaðir Áætlun	Starfstaðir Frávik	Miðlægir pottar frávik	Samtals miðlægir pottar og starfstaðir
Grunnskóli	323	323		-3	-3
Leikskóli	316	300	16		16
Frístund	21	21		-7	-7
Samtals	659	643	16	-11	6

Starfstöðvar fá úthlutað úr miðlægum pottum til að mæta kostnaði við langtímaveikindi, tæmist miðlægur pottur þá bera starfstöðvar það sem er umfram úthlutun. Hjá leikskólum tæmdist pottur og bera starfstaðir 16 mkr halla. Frávik í miðlægum pottum var 3 mkr hjá grunnskólum en hjá frístund var 7 mkr

afgangur miðað við það sem áætlað hafði verið. Á fyrrihluta árs hafði verið verulegur halli hjá starfstöðvum þar sem miðlægir pottar gátu ekki fjármagnað veikindi hjá starfstöðvum. Í september var aukið fjármagn í veikindapotta sem kom starfstöðvum til aðstoðar og var hluti af aðgerðum í skólamálum. Gjaldfærð langtímaforföll hjá starfstöðvum voru á tímabilinu voru 659 mkr.

Stuðningur og sérkennsla

Stuðningur og sérkennsla (mkr)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli - borgarstofnanir	1.752	1.878	-126
Grunnskóli - einkareknir og nág.sv.fél.	94	101	-7
Leikskóli - borgarstofnanir	894	818	76
Leikskóli - einkareknir og nág.sv.fél.	99	92	7
Frístund - borgarstofnanir	371	474	-103
Frístund - einkareknir og nág.sv.fél.	1	19	-18
Samtals	3.212	3.382	-171

Borgarstofnanir fá úthlutað til stuðnings og sérkennslu að hluta til samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta úr miðlægum pottum. Sá hluti sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnt almennur stuðningur en það sem kemur úr miðlægum pottum er nefnt sértækur stuðningur. Úthlutun úr miðlægum pottum fer í sértækan stuðning og miðast við það fjármagn sem er í þeim pottum. Gjaldfærður kostnaður hjá borgarstofnunum er heildarfjárhæð þess sem hefur verið merkt til þessara

verkefna samkvæmt launabókhaldi. Hjá grunnskóla og frístund var gjaldfærsla lægri en fjárheimildir en hjá leikskólum 76mkr umfram fjárheimildir. Auk þess greiðir Reykjavíkurborg sérkennslu til einkarekinna stofnana og annarra sveitarfélaga vegna reykviskra barna.

Aðgerðir í skólamálum á haustmánuðum

Á miðju ári var mikil umfjöllun um mjög erfiðan rekstur hjá leikskólum og grunnskólum borgarinnar, stjórnendur fóru fram á að aukið væri fjármagn til rekstrar. Í september var samþykkt í borgastjórn að veita auknu fjármagn til skólamála til að mæta þeim liðum sem erfiðastir voru í rekstri og hafa verið vanfjármagnaðir. Viðbótarfjármagn rétti af halla hjá mörgum stofnum en nokkrar stofnanir eiga enn við vanda að stríða og eru í hallarekstri. Helstu þættir aðgerða á skólamálum á haustmánuðum voru:

1 Langtímaveikindi. Fjármagn var aukið til langtímaveikinda um 149,6 mkr hjá leikskólum og 123,3 mkr hjá grunnskólum, hafði þessi aukning í för með sér að hægt var að bæta starfsstöðvum langtímaveikindi að mestu, það var aðeins hjá leikskólum sem ekki tókst að úthluta til allra staða og báru starfsstaðir 16 mkr halla vegna þessa.

2 Stuðningur og sérkennsla. Fjármagn var aukið til stuðnings og sérkennslu um 110,4 mkr hjá leikskólum og 138,2 mkr hjá grunnskólum. Með þessari viðbót var dregið úr halla margra leiksskóla en í árslok þurftu leiksskólar engu að síður að bera halla að fjárhæð 76mkr. Kemur það til vegna þess að áætlun vegna seinni hluta árs sem byggði á tölum eftir fyrstu sex mánuði ársins var ekki fyllilega rétt þar sem launalistar voru ónákvæmir og vantaði skráningar inn á þá. Hjá grunnskólum var afgangur sem stafar meðal annars af mismunandi skráningum hjá skólum.

3 Skólaakstur. Fjármagn var aukið um 157 mkr til skólaaksturs, einkum þar sem kostnaður við akstur vegna fatlaðra barna hafði aukist mikið í tengslum við nýjan samning við þjónustuaðila en fjármagn hafði ekki verið aukið til samræmis. Skólaakstur er miðlægur pottur hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu einstakra skóla. Í lok árs var 22 mkr halli á skólaakstri. Unnið er að endurskoðun á samningi um akstursþjónustu á fötluðum börnum þar sem sviðið telur að kostnaður vegna hans sé of hár.

4 Námsgögn. Fjárveiting til námsgagna leikskólabarna var hækkuð um 6,9 mkr og fengu leiksskólar það fjármagn til ráðstöfunar á tímabilinu október-desember.

5 Faglegt starf. Fjármagn var aukið um 24,8 mkr til faglegs starfs leiksskóla í samræmi við kjarasamningsbundinn undirbúningstíma. Hjá grunnskólum var fjármagnið aukið um 60 mkr til faglegs starfs, kom það inn á tímabilinu október-desember.

6 Skólamáltíðir. Rekstur mótuneyta var erfiður árinu og var krafa um hagræðingu í mótuneytum lækkuð um 45 mkr auk þess sem gjaldskrá fyrir máltíðir dagsins hjá leikskólum og grunnskólum var hækkuð um 100 kr. Gjaldskráhækkun fór að fullu til mótuneytisreksturs og nam 52,4 mkr hjá leikskólum og 99,5 mkr hjá grunnskólum á tímabilinu október-desember.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykilstærðir** tengdar rekstri Skóla- og frístundasviðs:


Lykiltölur úr rekstri - SFS	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Grunnskólar						
Nemendafjöldi (meðaltal 2ja skólaára)	13.273	13.425	13.554	13.724	13.989	1,9%
Sérskólar						
Fjöldi nemenda	140	148	149	148	176	18,9%
Sérkennsla v. sérúthlutana til fatlaðra barna						
Fj. nemenda m. sérframlag (meðaltal 2ja ára)*	691	565	561	603	630	4,5%
Leiksskólar						
Meðalfjöldi barna	5.715	5.831	5.895	5.894	5.846	-0,8%
Frístundaheimili						
Fjöldi barna á frístundaheimilum	3.400	3.504	3.796	3.940	4.203	6,7%

*Fækkun milli ára 2012-2013 er vegna þeirrar breytingar að sérframlag nemenda með málþroskavanda á mið- og unglingastigi var fellt niður en framlag fatlaðra nemenda hækkað á móti.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Talsverð frávik eru í rekstri einstakra grunn- og leiksskóla. Mikilvægt er að ljúka endurskoðun úthlutunarlíkana sem nú stendur yfir til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll skólanna.

1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	2.119	2.049	70	3,4%
Laun og launat. gj.	1.881	1.989	-109	-5,5%
Annar rekstark.	6.708	6.775	-67	-1,0%
Rekstrarniðurstaða	6.469	6.715	-246	-3,7%

fjárheimildum, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu sem var 340 mkr yfir fjárheimildum ársins. **Viðhald gatna** var 6 mkr yfir fjárheimildum ársins og **leiga gatna** var 397 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna verðbótapáttar leigunnar. **Skrifstofa sviðsstjóra** var 17 mkr undir fjárheimildum, **Skipulagsfulltrúi** var 22 mkr undir fjárheimildum og **Samgöngudeild** 11 mkr undir fjárheimildum ársins. **Sorphirðan** var 45 mkr yfir fjárheimildum, einkum vegna hækkunar kostnaðar við endurvinnslu og grenndarstöðva Sorpu. **Hljóðvistarstýrki** voru 12 mkr yfir fjárheimildum ársins þar sem umsóknum fjölgaði umtalsvert milli ára.

Málaflokkar USK (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægg þjónusta	298	294	4	393	406	-13	483	514	-31	578	626	-48	-7,7%
Skipulag byggingar og borgarhönnun	287	226	61	466	450	15	164	198	-33	343	422	-79	-18,7%
Umvhverfisgæði	1.503	1.492	11	940	1.043	-103	1.100	1.061	39	537	612	-75	-12,3%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	921	914	6	921	914	6	0,7%
Rekstur og umhirða borgarlands	31	37	-6	81	89	-8	4.039	4.088	-49	4.090	4.140	-50	-1,2%
Samtals	2.119	2.049	70	1.881	1.989	-109	6.707	6.775	-68	6.469	6.715	-246	-3,7%

Endurvinnslustöðva og grenndarstöðvar SORPU voru 30 mkr umfram fjárheimildir sem var einkum vegna uppgjörðs ársins 2015 sem var 29 mkr umfram áætlun. Kostnaðurinn var gjaldfærður 2016 og er aðallega vegna aukins magns úrgangs á endurvinnslu og grenndarstöðvum Sorpu.

Vinnuskólinn var 71 mkr undir fjárheimildum, þar af var launakostnaður var 75 mkr undir fjárheimildum. Erfiðlega gekk að ráða leiðbeinendur sem voru 59 en gert var ráð fyrir 102 í áætlun. Þá voru nemendur einungis 1.174 en gert var ráð fyrir að þeir yrðu 1.488 samkvæmt áætlun.

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 50 mkr undir fjárheimildum ársins þó svo að vetrarþjónusta væri 340 mkr yfir fjárheimildum, ástæða þess er sú að leiga gatna var 397 mkr undir fjárheimildum einkum vegna verðbótapáttar leigunnar.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs.


Lykiltölur úr rekstri - USK	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Umhverfisgæði						
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	325	550	485	455	610	34,1%
Nemendur í Vinnuskólanum	1.830	1.588	1.577	1.425	1.174	-17,6%
Fjöldi sorpílata, blandað sorp [tunnuígildi]	37.311	36.081	34.444	33.413	33.743	1,0%
Fjöldi blárra tunna [stk]	4.063	11.284	12.510	12.608	13.788	9,4%
Skipulag, byggingar og borgarhönnun						
Deiliskip. auglýst í B-deild stj.tíðinda	57	69	98	94	103	9,6%
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	112/39	130/30	132/54	120/50	172/32	
Samþykktir m3	295.688	663.996	530.661	911.749	719.694	-21,1%
Byggðir m3 (lokið við)	236.637	222.309	257.214	451.244	1.183.848	162,4%
Fullgerðar íbúðir	141	353	271	388	399	2,8%
Hafin smíði nýrra íbúða	356	614	597	926	922	-0,4%
Rekstur og umhirða						
		*				
Sláttur - flatarmál (m2)	4.145.320	4.731.224	4.856.030	4.762.287	4.680.877	-1,7%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6.486.520	5.254.400	5.311.595	6.553.778	6.585.326	0,5%

*Búið að sameina hverfisbækistöðvar Framkvæmda- og eignasviðs og garðyrkjustöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverðar sveiflur voru í uppgjöri sviðsins á milli einstakra liða. Þannig var t.d. vetrarþjónustan langt yfir fjárheimildum eða 340 mkr en leiga gatna var 397 mkr undir fjárheimildum þar sem verðbólga á árinu var lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	4.016	3.733	283	7,6%
Laun og launat. gj.	13.297	12.875	422	3,3%
Annar rekstrark.	8.014	7.828	186	2,4%
Rekstrarniðurstaða	17.295	16.970	325	1,9%

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs árinu 2016 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild var 20.574 mkr sem var 612 mkr eða 3% innan fjárheimilda.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 17.295 mkr sem var 325 mkr eða 2% umfram fjárheimildir. Stærstu frávikin eru vegna launakostnaðar sem var 422 mkr umfram fjárheimildir, vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 252 mkr umfram fjárheimildir og ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem var 99 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 4.016 mkr sem var 283 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 8%. Mestu munar um tekjur sem ekki var áætlað fyrir vegna **búsetuúrræða** sem voru 88 mkr yfir áætlun, þar af 51 mkr styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við utangarðsfólk og húsnæði fatlaðs fólks og loks 31 mkr frá ríkinu vegna öryggisvistunar. Tekjur vegna **þróunarverkefna** voru 74 mkr umfram áætlun vegna hælisleitenda en kostnaður færir á móti og verkefnið að fullu fjármagnað af ríkinu.

Laun og launatengd gjöld voru 13.297 mkr sem var 422 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. **Búsetuúrræði** voru 208 mkr umfram fjárheimildir, þ.a. voru 4 sambýli alls 268 mkr umfram fjárheimildir, sem skýrist af því að fjárheimildir endurspeglar ekki þjónustupörf úrræðanna. **Dagþjónusta** var 19 mkr eða 5% umfram fjárheimildir, þar af voru 13 mkr vegna dagþjónustu fatlaðs fólks og 6 mkr voru vegna dagþjónustu aldraðra. **Heimahjúkrun** var 128,5 mkr umfram fjárheimildir eða 12%, m.a. vegna veikinda og ágreinings við Sjúktratryggingar Íslands um nauðsynlega hækkun þjónustugjalda vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. **Hjúkrunarheimili** voru 96 mkr umfram fjárheimildir eða 11%. **Þjónustubúðir** voru 20 mkr eða 5% umfram fjárheimildir. **Stuðningsþjónusta** var 79 mkr eða 8% umfram fjárheimildir. Við skoðun á frávikum í stuðningsþjónustu verður að líta til þjónustupáttarins í heild, þar sem viðbótarfjárheimild var sett undir annan kostnað, en starfsmönnum var fjölgað til að minnka biðlista. **Félagsmiðstöðvar** voru 52 mkr eða 13% innan fjárheimilda vegna hagræðingaraðgerða. Af 15 félagsmiðstöðvum voru einungis 3 með umfram launafrávik.

Annar rekstrarkostnaður var 8.014 mkr sem var 186 mkr umfram fjárheimildir eða 2%. Fráviknið má aðallega rekja til eftirfarandi liða; vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 252 mkr umfram fjárheimildir, kostnað vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem var 99 mkr umfram fjárheimildir, vistunarþjónustu barnaverndar sem var 69 mkr umfram fjárheimildir og úppfylltrar hagræðingarkröfu að fjárhæð 50 mkr sem sviðið fékk ekki heimild til að framkvæma. Á móti var annar kostnaður vegna búsetuúrræða og stuðningsþjónustu auk annarra liða innan heimilda, sem dró úr umframkeyrslu annars kostnaðar. Umframkeyrsla liða vegna ytri og óviðráðanlegra aðstæðna var alls 469 mkr.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	368	277	91	32,9%
Laun og launat. gj.	4.981	4.782	199	4,2%
Annar rekstrark.	2.667	2.665	2	0,1%
Rekstrarniðurstaða	7.280	7.170	110	1,5%

fjárheimildir eða 4,2%. Helstu frávik má rekja til fjögurra sambýla en launafrávik þeirra nam samtals 268 mkr þar sem áætlun endurspeglar ekki þjónustupörf þeirra. Á móti kom að launakostnaður annarra sambýla var mestu innan fjárheimilda, sem lækkar launafráviknið í heild. Annar rekstrarkostnaður var 2.667 mkr sem var á pari. Undir málefni fatlaðs fólks var færður kostnaður vegna vistþjónustu barna með þroska- og geðraskanir og var frávik vegna þeirrar þjónustu 252 mkr umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður vegna búsetuúrræða var hins vegar innan fjárheimilda vegna seinkunnar á uppbyggingu á búsetuúrræðum og einnig var annar rekstrarkostnaður stuðningsþjónustu innan fjárheimilda.

Útgjöld Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 7.649 mkr og námu 36% af heildarútgöldum sviðsins án bundinna liða.

Þjónustubættir:

Þjónustubættir VEL (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar-niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	54	1	53	2.705	2.714	-9	779	754	25	3.430	3.466	-37	-1%
Samningar, framlög og styrkir	200	180	21	23	23	-0	3.021	2.732	289	2.844	2.576	268	10%
Búsetuúrræði	159	71	88	4.418	4.210	208	507	634	-127	4.766	4.773	-7	0%
Félagsmiðstöðvar	130	148	-18	355	407	-52	485	458	26	710	718	-8	-1%
Dagþjónusta	160	127	33	376	357	19	148	123	25	364	352	12	3%
Heimaþjónusta	131	134	-3	1.465	1.508	-43	380	369	11	1.714	1.742	-28	-2%
Heimahjúkrun	1.320	1.319	1	1.159	1.030	129	229	284	-55	67	-5	72	-1422%
Hjúkrunarheimili	1.115	1.096	19	941	845	96	431	485	-55	256	234	22	10%
Þjónustuíbúðir	149	148	1	419	399	20	248	282	-35	517	534	-16	-3%
Skammtíamavistun, stuðnings-fólkskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla	0	0	0	1.082	1.002	79	466	599	-132	1.548	1.601	-53	-3%
Framleiðslueldhús	255	239	15	99	111	-13	254	218	35	98	91	7	8%
Unglingasmiðja og Stuðningsheimili	2	2	0	42	45	-3	20	25	-6	60	69	-9	-13%
Virkni-verkefni	0	0	0	98	118	-20	50	42	8	147	160	-13	-8%
NPA	65	67	-2	0	0	0	278	264	14	213	197	16	8%
Úrræði Barnavernd	0	0	0	16	17	-1	392	323	69	408	340	68	20%
Hælisleitendur	275	201	74	43	34	9	231	166	65	-1	-1	-0	2%
Önnur Verkefni	0	0	0	59	56	3	96	124	-29	155	180	-26	-14%
Hagræðing	0	0	0	0	0	0		-55	55	0	-55	55	-100%
Samtals	4.016	3.733	283	13.297	12.875	422	8.014	7.828	186	17.295	16.970	325	2%

Helstu frávik

Skrifstofur nefndir og ráð voru 37 mkr innan fjárheimilda eða 1%. Umfram frávik í launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði jafnast út á móti auknum tekjum.

Samningar, framlög og styrkir voru 268 mkr umfram fjárheimildir eða 10%. Frávikið má aðallega rekja til vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 252 mkr umfram fjárheimildir og vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem var 99 mkr umfram fjárheimildir. Á móti voru tekjur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 21 mkr hærri og aðrir samningar og styrkir undir fjárheimildum.

Búsetuúrræði voru 7 mkr innan fjárheimilda eða nánast á pari. Auknar tekjur og lægri annar rekstrarkostnaður vógu upp aukinn launakostnað. Auknar tekjur voru vegna styrks frá Jöfnunarsjóði og greiðslu frá Ríkissjóði vegna öryggisvistunar.

Heimaþjónusta var 28 mkr innan fjárheimilda, aðallega vegna lægri launakostnaðar.

Heimahjúkrun var 72 mkr umfram fjárheimildir. Launakostnaður var 129 mkr umfram fjárheimildir, en á móti kom að annar rekstrarkostnaður var 55 mkr innan fjárheimilda. Yfirkeysla í launakostnaði var m.a. vegna veikinda og ágreinings við Sjúkratryggingar Íslands um nauðsynlega hækkun þjónustugjalda vegna kjarasamningsbundinna launahækkana.

Skammtíamavistun, stuðningsfjölkskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla voru 53 mkr eða 3% innan fjárheimilda. Aukinn launakostnaður vegna viðbótarstöðugilda jafnaðist út á móti öðrum rekstrarkostnaði, en viðbótarfjárheimild sem kom inn á árinu var ekki fullnýtt.

Barnavernd – úrræði voru 68 mkr eða 20% umfram fjárheimildir. Frávikið skýrist af vistgjöldum en börn sem fara í vistun eru með fjölþættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum. Til að sporna við útgjaldahækkun hefur verið gerður samningur við þjónustuaðila um fast mánaðarlegt gjald í því skyni að spara vistgjöld í tímabundnu fóstri.

Hagræðing heildarhagræðingarkrafa á árinu var 412 mkr. Ekki náðist að uppfylla hagræðingakröfu að fjárhæð 55 mkr vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Velferðarsviðs, fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting
Heimaþjónusta						
Fjöldi heimila	3.805	3.808	3.725	3.745	3.674	-1,9%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.409.853	1.399.733	1.538.599	1.810.299	1.763.801	-2,6%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverður halli er á rekstri heimahjúkrunar og vegna þess að ríkið hefur ekki bætt í þjónustugjöldum kjarasamningsbundnar launahækkunar í samræmi við samning aðila. Ágreiningur er við Sjúkratryggingar Íslands um mat á þessum hækkunum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 325 mkr yfir fjárheimildum eða 1,9%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem var 252 mkr yfir fjárheimildum og úrræðum barnaverndar sem var 68 mkr yfir fjárheimildum.
- Mikil útgjaldafrávik voru á 4 sambýlum þar sem launakostnaður var 268 mkr yfir fjárheimildum en á móti voru önnur búsetuúrræði undir fjárheimildum. Nauðsynlegt er að skoða skiptingu fjárheimilda á milli einstakra búsetuúrræða m.v. þjónustuþyngd og að sviðið leiti leiða til að tryggja að viðkomandi þjónusta verði innan fjárheimilda.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir, en sá liður á verulegan þátt í hallarekstri sviðsins.
- Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri var 1.364 mkr.
- Rekstrarútgjöld hjúkrunarheimila umfram framlög frá ríkinu námu 256 mkr á árinu 2016. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.916	2.026	-110	-5,4%
Annar rekstrark.	5.195	6.242	-1.047	-16,8%
Rekstrarniðurstaða	3.279	4.216	-937	-22,2%

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, fyrir árið 2016 í samanburði við áætlun ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða bundinna liða var 3.279 mkr sem var 937 mkr eða 22% innan áætlunar.

Fjárhagsaðstoð VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.717	2.347	-630	-26,8%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoð	418	555	-137	-24,6%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	64	81	-18	-22,0%
Heimildargreiðslur 16.gr. a v/barna	41	56	-14	-25,5%
Rekstrarniðurstaða	2.241	3.040	-799	-26,3%



við sama mánuð í fyrra.

Framfærslustyrkur nam 1.717 mkr sem var 630 mkr eða 27% innan áætlunar þar sem notendum fækkaði mikið á milli ára. Notendur framfærslustyrks voru alls 2.259 sem var fækkun um 639 eða 22% miðað við síðasta ár.

Heimildargreiðslur voru alls 523 mkr sem var 169 mkr innan áætlunar. Notendur heimildargreiðslna voru 1.715 sem var fækkun um 243 eða 12% á milli ára.

Húsaleigubætur: Kostnaður vegna húsaleigubóta var 2.840 mkr sem var 362 mkr eða 11% innan áætlunar. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 1.802 mkr og var 224 mkr undir áætlun eða 11%. Nettó frávik frá áætlun nam 138 mkr eða 11,8% undir áætlun.

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 2.241 mkr sem var 799 mkr eða 26% innan áætlunar. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 3.036 sem var fækkun um 641 eða 17,4% frá fyrra ári. Notendur fjárhagsaðstoðar í sex mánuði eða lengur voru 715 í desember og hafði fækkað um 169 miðað



Almennar húsaleigubætur voru 1.870 mkr og 272 mkr eða 13% innan áætlunar. Notendur almennra húsaleigubóta voru 8.039 sem var fækkun um 511 eða 6% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur** voru 319 mkr eða 62 mkr innan áætlunar. Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.201 sem var fækkun um 90 eða 7% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur í félagslegu húsnæði** voru 651 mkr eða 29 mkr innan áætlunar. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.299 sem var fjölgun um 33 eða 1,5% á milli ára.

Húsaleigubætur 2016 (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsál.b. Raun	Húsál.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	1.236	1.413	1.870	2.141	633	728
Sérst. húsaleigub.	193	229	319	381	127	153
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	374	384	651	680	278	295
Rekstrarniðurstaða	1.802	2.026	2.840	3.202	1.038	1.176


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** Velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	3.295	3.350	3.269	2.898	2.259	-22,0%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	2.027	2.130	2.039	1.958	1.715	-12,4%
Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila	4.135	4.218	4.093	3.677	3.036	-17,4%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	2.156.113	2.275.738	2.412.772	2.280.787	1.822.311	-20,1%
Heimildargreiðslur - þús. kr	553.486	567.789	532.483	634.128	529.091	-16,6%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	2.709.599	2.843.527	2.945.255	2.914.915	2.351.401	-19,3%
Húsaleigubætur						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	8.221	8.314	8.846	8.548	8.038	-6,0%
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.244	1.275	1.313	1.291	1.201	-7,0%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.192	2.200	2.233	2.265	2.298	1,5%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	1.720.020	1.938.598	2.100.106	2.000.598	1.870.123	-6,5%
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	312.041	324.091	342.179	348.845	319.436	-8,4%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	619.765	612.226	615.966	618.299	622.842	0,7%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 799 mkr undir áætlun og notendum þjónustunnar fækkar áfram samanborið við fyrra ár. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.241 mkr árið 2016 en var 2.868 mkr árið 2015. Kostnaðurinn var því 627 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 641 milli ára.
- Húsaleigubætur (brúttó) voru 362 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, einkum almennar húsleigubætur sem voru 272 mkr undir áætlun (brúttó). Framlag Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta var jafnframt undir fjárhagsáætlun sem þýðir að nettó frávik var 138 mkr.
- Árið 2016 er síðasta árið í þessu húsaleigubótakerfi. Nýtt húsnæðisstuðningskerfi hefur tekið við og ber ríkið ábyrgð á almennum húsnæðisstuðningi og Reykjavíkurborg greiðir allan sérstakan húsnæðisstuðning. Endanlegt uppgjör vegna þáttar Jöfnunarsjóðs í húsaleigubótakerfi vegna fyrri ára liggur ekki fyrir.

1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.588	1.572	15	1,0%
Laun og launat. gj.	2.563	2.635	-72	-2,7%
Annar rekstark.	1.835	1.904	-69	-3,6%
Rekstrarniðurstaða	2.810	2.966	-156	-5,3%

Málaflokkar RHS (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Borgarlögmaður	15	2	12	113	111	2	22	13	9	120	121	-1	-0,8%
Innri endurskoðun	9	24	-14	87	104	-16	9	16	-8	87	96	-9	-9,7%
Fjármálaskrifstofa	53	46	8	772	779	-8	191	208	-17	909	942	-32	-3,4%
Mannréttindaskrifstofa	2	2	0	120	132	-12	27	32	-5	145	162	-17	-10,5%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	54	44	10	477	506	-29	226	233	-7	650	696	-46	-6,6%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	248	266	-18	67	72	-5	314	337	-23	-6,9%
Skrifstofa þjónustu og rekstrar	1.455	1.455	0	747	738	9	1.293	1.330	-37	585	612	-27	-4,4%
Samtals	1.588	1.572	15	2.563	2.635	-72	1.835	1.904	-69	2.810	2.966	-156	-5,3%

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** á skrifstofum í Ráðhúsi.

Lykiltölur úr rekstri - RHS	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16
Innsend erindi – skrifstofa borgarstjóra	1.372	1.318	1.221	1.143	906	-20,7%
Fjöldi reikninga (fskj) - FMS	260.803	269.891	286.280	295.578	289.172	-2,2%
Fjöldi útboða - Innkaupaskrifstofa	96	60	74	107	73	-31,8%
www.reykjavik.is – vikuleg innlit	45.907	42.460	40.500	39.200	39.608	1,0%
Þjónustuver - fjöldi símtala	199.275	180.610	160.145	149.916	142.667	-4,8%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var 156 mkr eða 5,3% undir fjárheimildum.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða var 2.810 mkr eða 156 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 1.588 mkr eða 15 mkr yfir áætlun. Tekjur voru 12 mkr yfir áætlun hjá **Borgarlögmanni** m.a. vegna tildæmds málskostnaðar. Tekjur voru 14 mkr undir áætlun hjá **innri endurskoðun** vegna þess að gert var ráð fyrir því að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sinnti innri endurskoðun fyrir öll B-hluta fyrirtæki innan samstæðu borgarinnar. Tekjur voru 8 mkr yfir áætlun vegna **tollkrítar**. Aðrar tekjur voru 9 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 2.563 mkr eða 72 mkr undir fjárheimildum. Mest frávik voru á **skrifstofu borgarstjóra og borgarritara** sem var 29 mkr undir fjárheimildum sem einkum má rekja til þess að atvinnuáttaksverkefnum hefur fækkað og að stöður skrifstofunnar voru ekki fullmannaðar.

Annar rekstarkostnaður var 1.835 mkr eða 69 mkr undir fjárheimildum.

1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	157	65	92	141,0%
Laun og launat. gj.	344	677	-332	-49,1%
Breyting lífeyrisskb.	5.012	5.000	12	0,2%
Annar rekstark.	1.755	2.162	-407	-18,8%
Rekstrarniðurstaða	6.953	7.773	-820	-10,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á öðrum útgjöldum á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 6.953 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 7.773 mkr sem var 820 mkr eða 11% undir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 92 mkr yfir áætlun vegna kosninga.

Laun voru 332 mkr undir fjárheimildum. Laun vegna atvinnumála voru 46 mkr yfir fjárheimildum vegna skuldbindinga frá árinu 2015 sem ekki var áætlað fyrir og vegna atvinnuáttaksverkefna fyrir starfsfólk með fötlun. Kosningar voru 59 mkr yfir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 5.012 mkr sem var 12 mkr yfir áætlun eða 0,2%.

Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 407 mkr undir fjárheimildum.

Styrkir og ýmis framlög voru 64 mkr undir áætlun. Þar af voru ýmsar samningsbundnar greiðslur 28 mkr undir áætlun og afsláttur fasteignagjalda til elli- og örkulífeyrisþega var 33 mkr undir áætlun.

Atvinnumál voru 9 mkr yfir áætlun m.a. vegna skuldbindinga frá 2015.

Rekstur miðlægra tölvukerfa var 17 mkr yfir áætlun vegna reksturs miðlægs launakerfis.

Starfsmannakostnaður var 369 mkr undir fjárheimildum. Þar af voru slysabætur 72 mkr yfir fjárheimildum þar sem kröfur vegna slysabóta hafa aukist og bætur hafa hækkað. Breytingar á orlofsskuldbindingum var 69 mkr yfir áætlun og launa og starfsmannakostnaður var undir fjárheimildum einkum vegna lotunar á kostnaði milli tímabila. **Kosningar** voru 4 mkr undir fjárheimildum.


Ýmis kostnaður var 443 mkr undir áætlun þar á meðal var innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja 11 mkr undir áætlun, ófyrirséð var 447 mkr undir áætlun, afskriftir voru 60 mkr yfir áætlun og annað í ýmsum kostnaði var 45 mkr undir áætlun.

Málaflókkar ÖNN (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög			0			0	356	420	-64	356	420	-64	-15,2%
Atvinnumál	-1	0	-1	86	41	46	7	44	-37	94	85	9	11,1%
Rekstur miðlægra tölvukerfa			0			0	111	94	17	111	94	17	18,5%
Innheimtukostnaður skattektna			0			0	563	542	21	563	542	21	3,8%
Starfsmannakostnaður			0	148	588	-441	113	41	72	260	629	-369	-58,6%
Kosningar	157	65	92	92	33	59	61	32	29	-4	0	-4	n/a
Ýmis kostnaður	1	0	1	18	15	3	543	988	-445	560	1.003	-443	-44,2%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu			0	5.012	5.000	12			0	5.012	5.000	12	0,2%
Samtals	157	65	92	5.356	5.677	-321	1.755	2.162	-407	6.953	7.773	-820	-10,5%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

Í janúar 2017 var greidd eingreiðsla vegna kjarasamninga við grunnskólakennara sem miðaðist við starfshlutfall og starfstíma í desember 2016. Kostnaður vegna þessa 306 mkr var gjaldfærður í janúar 2017 en áætlað hafði verið fyrir greiðslunum á árinu 2016.

1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 2.724 mkr og voru 67 mkr undir fjárheimildum.


Strætó: Framlag til Strætó var 1.918 mkr eða 67 mkr undir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefnis 181 mkr eða 38 mkr yfir fjárheimildum.

Reglubundið framlag var 105 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 806 mkr eða á pari við fjárheimildir.

Framlög (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Strætó	1.918	1.985	-67	-3,4%
Slökkvilið hbsv.	806	806	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	2.724	2.791	-67	-2,4%

2. Eignasjóður



Eignasjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	22.973	24.863	-1.890	-7,6%
Laun og launat.gj	1.675	1.736	-61	-3,5%
Annar rekstrark.	6.543	5.762	782	13,6%
Afskriftir	4.416	4.238	178	4,2%
Fjármagnsliðir	-4.769	-5.478	709	-12,9%
Rekstrarniðurstaða	5.570	7.650	-2.080	-27,2%

yfir fjárheimildum. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 164 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið 618 mkr yfir fjárheimildum. Ósamþykktir reikningar hjá Eignasjóði námu 0,7 mkr og voru báðir vegna fjárfestinga.

Nettó fjármagnsgjöld voru 4.769 mkr eða 709 mkr undir fjárheimildum og skýrist það nánast alfarið af lægri verðbólgu en gert var ráð fyrir í áætlun.

Heildareignir námu 124.625 mkr, þar af námu fastafjármunir 116.734 mkr og veltufjármunir 7.891 mkr. Veltufjárhlutfall var 1.

Heildarskuldir voru 79.595 mkr. Langtímaskuldir námu 72.324 mkr og skammtímaskuldir voru 7.271 mkr í árslok.

Eigið fé hækkað úr 39.461 mkr í ársbyrjun í 45.030 mkr í árslok. Þessi hækkan skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins.

Veltufé frá rekstri nam 9.787 mkr í árslok og handbært fé var 229 mkr.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 5.570 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.650 mkr og niðurstaðan því 2.080 mkr lakari en áætlað var eða um 27,2%.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Eignasjóðs á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 22.973 mkr eða 1.890 mkr undir áætlun.

Leigutekjur voru 17.284 mkr eða 682 mkr undir áætlun, þar af voru leigutekjur af gatnakerfi 401 mkr undir áætlun og önnur innri leiga 183 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 5.688 mkr og eru 1.208 mkr undir áætlun sem skýrist helst af því að tekjur af sölu fasteigna og byggingarréttar voru 1.754 mkr undir áætlun en á móti kemur að tekjur vegna reksturs gatna voru 343 mkr yfir áætlun einkum vegna vetrarþjónustu auk þess sem tekjur af útseldri vinnu og vegna kostnaðarhlutdeildar í fjárfestinga-verkefnum voru 183 mkr yfir áætlun.

Rekstrargjöld voru 12.634 mkr eða 899 mkr yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 6.543 mkr eða 782 mkr

3.4.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar námu alls 9.372 mkr sem var 88,5% af framkvæmdaáætlun ársins. Gert var ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 10.588 mkr og voru framkvæmdir því 1.2 mkr lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Nettó fjárfesting tímabilsins að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum 6.502 mkr.

Fjárfestingar Eignasjóðs (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	4.099	4.129	-31	-0,7%
Samgöngumannvirki	2.779	3.495	-716	-20,5%
Annað	2.494	2.964	-469	-15,8%
Samtals fjárfesting - brúttó	9.372	10.588	-1.216	-11,5%
Gatnagerðargjöld	-2.869	-4.243	1.374	-32,4%
Samtals fjárfesting - nettó	6.502	6.344	158	2,5%

Fasteignir og stofnbúnaður Kostnaður við byggingaframkvæmdir nam 4.099 mkr sem var um 31 mkr undir áætlun sem jafngildir 0,7% frávik.

Keyptar fasteignir og lóðir árið 2016 (mkr)	kaupverð
Skerjafjörður, land	440.000
Fiskilóð 37c, lóð	121.973
Gufunes, land	150.000
Suðurlandsbraut, lóð	6.489
Suðurlandsvegur, sumarbústaður og lóð	17.739
Varmidalur, lóðir	20.000
Rauðavatn, lóðir	12.000
Kaupverð samtals	768.202

Seldar fasteignir og lóðir árið 2016 (mkr)	söluverð
Áburðarverksmiðja	301.650
Árskógar 8	30.000
Lindargata 44	104.000
Síðumúli 39	311.000
Skálholtsstígur 1, lóðaréttindi	34.000
Tjarnargata 10A	45.000
Söluverð samtals	825.650

Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 2.779 mkr sem var um 80% af áætlun ársins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 2.869 mkr eða 32% undir áætlun ársins sem skýrist af seinkun framkvæmda á uppbyggingarreitum við Hlíðarenda, á Kirkjusandi og í Vogabyggð frá því sem áætlað hafði verið.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 689 mkr sem er 19% undir áætlun ársins.

Lóðir, lönd og skipulagseignir nam 850 mkr eða 109 mkr yfir fjárheimildum.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 963 mkr sem er um 3% umfram áætlun ársins.

Hér að neðan er töflur sem sýna helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Eignarsjóðs


Lykiltölur úr rekstri - ES	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting
						2015-16
Úthlutun og sala byggingaréttar (íbúðir)*	-6	201	130	115	100	-13,0%
Götur - lengd (km)	516	517	517	516	514	-0,4%
Götur - yfirborð (m ²)	4.461.000	4.452.000	4.452.361	4.445.484	4.447.213	0,0%
Göngu- og hjólréiðastígar - lengd (km)	776	785	795	802	808	0,7%
Göngu- og hjólréiðastígar - yfirborð (m ²)	2.037.000	2.067.000	2.095.804	2.108.885	2.138.139	1,4%

* Tölur sýna nettólóðaúthlutun, mismun á fjölda lóða (talið í íbúðum) sem hefur verið úthlutað og þeim sem hefur verið skilað eða verið afturkallaðar.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Athygli er vakin á verðbólga hafði töluverð áhrif á Eignasjóð. Leigutekjur vegna innri leigu og gatnaleigu voru 584 mkr lægri en áætlað einkum vegna verðlagsáhrifa en á móti kom að fjármagnsliðurinn var 709 mkr lægri en áætlað hafði verið einkum vegna lægri verðbólgu á árinu.
- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar var 1.754 mkr undir áætlun, einkum vegna seinkunar framkvæmda á uppbyggingarreitum á Kirkjusandi og í Vogabyggð.
- Vetrarþjónusta var 340 mkr yfir áætlun, bæði tekju- og gjaldamegin.

2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnupróunar (SEA)



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá SEA á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 6.629 mkr

en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 8.679 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því lakari um 2.050 mkr frá því sem áætlað var.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 11.398 mkr eða liðlega 2.759 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af því að tekjur voru 2.429 mkr undir áætlun, annar rekstrarkostnaður var 164 mkr yfir fjárheimildum og afskriftir voru 178 mkr yfir áætlun.

Tekjur voru 19.117 mkr eða 2.429 mkr undir áætlun sem jafngildir -11,3% fráviki.

Leigutekjur voru 17.284 mkr eða 682 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem helgast einna helst af því að verðbólga var minni en gert var ráð fyrir í áætlun. Leigutekjur af gatnakerfi voru 401 mkr undir áætlun. Önnur innri leiga var 183 mkr undir áætlun, þar af var innri leiga fasteigna 177 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 1.748 mkr undir áætlun. Þar af voru tekjur vegna sölu byggingarréttar 1.653 mkr undir áætlun og skýrist það aðallega af seinkun framkvæmda á uppbyggingarreitum á Kirkjusandi og í Vogabyggð. Hagnaður af sölu fastafjármunar var 101 mkr undir áætlun.

SEA (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	19.117	21.546	-2.429	-11,3%
Laun og launat.gj.	141	154	-12	-8,1%
Annar rekstrark.	3.162	2.998	164	5,5%
Afskriftir	4.416	4.238	178	4,2%
Fjármagnsliðir	-4.769	-5.478	709	-12,9%
Rekstrarniðurstaða	6.629	8.679	-2.050	-23,6%


Laun og launatengd gjöld námu 141 mkr sem var 12 mkr undir fjárheimildum og jafngildir það -8,1% fráviki.

Annar rekstrarkostnaður var 3.162 mkr eða 164 mkr umfram fjárheimildir sem jafngildir 5,5% fráviki og skiptist þannig að afskriftir tapaðra krafna sem ekki hafði verið áætlað fyrir námu 46 mkr og kostnaður vegna reksturs eigna var 118 mkr umfram áætlun, þar af voru 15 mkr vegna vanáætlaðra fasteigna- og fráveitugjalda gjalda.

Afskriftir voru 4.416 mkr eða 178 mkr umfram það sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir, þar af voru afskriftir fastafjármuna 104 mkr umfram áætlun, afskriftir gatna 42 mkr umfram áætlun og afskriftir áhaldna, bifreiða og tækja 28 mkr umfram áætlun.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 4.769 mkr og voru 709 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir og helgast það frávik alfarið af lægri verðbólgu en þeirri verðbólguþá sem áætlun grundvallaðist á.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	3.856	3.317	539	16,3%
Laun og launat. gj.	1.534	1.582	-48	-3,1%
Annar rekstrark.	3.381	2.764	618	22,3%
Rekstrarniðurstaða	-1.059	-1.029	-30	2,9%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á árinu 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.059 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.029 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 30 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 2,9%.

Tekjur voru 3.856 mkr eða 539 mkr yfir áætlun sem jafngildir 16,3%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) voru um 343 mkr yfir áætlun, einkum vegna vetrarþjónustu. Þá voru tekjur vegna **viðhalds gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) 6 mkr yfir áætlun. Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 57 mkr hærri en áætlað var og tekjur vegna kostnaðarhlutdeildar í fjárfestingarverkefnum voru 76 mkr umfram áætlun. Tekjur vegna verkefna sem unnin voru fyrir **Vegagerðina, nágrannasveitarfélögin og fl.**, sem voru einkum vegna vetrarþjónustu (rekstur gatna og opinna svæða) og umferðarljósa (viðhald gatna og opinna svæða), námu 50 mkr en ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.534 mkr sem var 48 mkr undir fjárheimildum eða um 3,1%. Garðyrkja Miklatúni

var 25 mkr undir áætlun. Framkvæmdir og viðhald mannvirkja voru 10 mkr undir fjárheimildum vegna opinna svæða.


Annar rekstrarkostnaður var 3.381 mkr og reyndist 618 mkr yfir fjárheimildum eða um 22,4%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var um 372 mkr yfir fjárheimildum ársins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 364 mkr en þar af var hlutur **Vegagerðarinnar og nágrannasveitarfélaganna** 24 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Þá var **viðhald gatna og opinna svæða** 33 mkr yfir fjárheimildum, einkum vegna kostnaðar við verkefni sem unnin voru fyrir **Vegagerðina, nágrannasveitarfélögin og fl.**, vegna umferðarljósa 26 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Kostnaður við **útselda þjónustu** var 55 mkr umfram fjárheimildir. Þá var **viðhald fasteigna** um 17 mkr yfir fjárheimildum en á móti var kostnaður vegna **ferlimála fatlaðra** 6 mkr undir fjárheimildum ársins. Þá voru kostnaður vegna flutnings á **færanlegum kennslustofum** 21 mkr umfram fjárheimildir.

Málaflokkar USK ES (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Rekstur deilda	511	434	77	1.534	1.582	-48	-1.023	-1.148	125	0	0	0	N/A
Viðhald fasteigna	0	0	0	0	0	0	959	943	17	959	943	17	1,8%
Ferlimál fatlaðra	0	0	0	0	0	0	56	62	-6	56	62	-6	-9,0%
Færanlegar kennslustofur	0	0	0	0	0	0	46	25	21	46	25	21	85,4%
Útseld þjónusta	179	122	57	0	0	0	177	122	55	-3	0	-3	N/A
Rekstur gatna og opinna svæða	2.219	1.846	372	0	0	0	2.219	1.846	372	0	0	0	N/A
Viðhald gatna og opinna svæða	947	914	33	0	0	0	947	914	33	0	0	0	N/A
Samtals:	3.856	3.317	539	1.534	1.582	-48	3.381	2.764	618	1.059	1.029	30	2,9%

Rekstur gatna og opinna svæða var 372 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist mest að Vetrarþjónustu sem var 364 mkr yfir fjárheimildum en þar af var hluti Reykjavíkurborgar 340 mkr. Þá var hreinsun borgarlandsins 20 mkr yfir fjárheimildum og ýmislegt 32 mkr yfir fjárheimildum, en á móti var grassláttur 32 mkr undir fjárheimildum og garðyrkja 21 mkr undir fjárheimildum.

Viðhald gatna og opinna svæða var 33 mkr umfram fjárheimildir og þar af var hlutur Reykjavíkurborgar (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einungis 6 mkr. Viðhald vega var 53 mkr yfir fjárheimildum og yfirborðsmerkingar gatna 16 mkr yfir fjárheimildum, en á móti voru opin svæði 16 mkr undir fjárheimildum og umferðarmerki og umferðarljós 29 mkr undir fjárheimildum.

3. Bílastæðasjóður



Bílastæðasjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.223	919	304	33,1%
Laun og launat.gj.	210	257	-48	-18,5%
Hækkun lífeyrisk.b	27	13	14	104,0%
Annar rekstrark.	430	460	-30	-6,6%
Afskriftir	78	84	-6	-7,5%
Fjármagnsliðir	0	0	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	479	104	375	362,2%

yfir áætlun eða 106%.

Heildareignir námu 2.865 mkr, hækkuðu um 21% frá árinu 2015. Fastafjármunir námu 1.514 mkr og veltufjármunir námu 1.350 mkr. Veltufjárhlutfall var 17,9.

Heildarskuldir námu 340 mkr. Engar **langtímaskuldir** voru til staðar og skiptast skuldirnar í lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 265 mkr og skammtímaskuldir að fjárhæð 75 mkr. **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags** námu 760 mkr vegna byggingar bílakjallara í Hörpu.

Eigið fé hækkað úr 2.046 mkr í ársbyrjun í 2.524 mkr í lok ársins, þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 583 mkr og handbært fé í árslok 2016 var 2,4 mkr.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er 362% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna bílakjallara Hörpunnar um 760 mkr.
- Vakin er athygli á mjög góðu veltufjárhlutfalli sem var 17,9 þar sem skammtímaskuldir sjóðsins eru lágar.


Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 479 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 104 mkr og var niðurstaðan því 375 mkr betri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Bílastæðasjóðs árið 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 1.223 mkr eða 304 mkr yfir áætlun eða 33%. Rekstrartekjur jukust um 20% frá sama tímabili í fyrra. Tekjur vegna **stöðu- og miðamæla** jukust um 18% á milli ára og tekjur í **bílastæðahúsum** jukust um 19% sem má skýra með aukinni notkun skammtímagesta. Tekjur vegna **aukastöðugjalda** lækkuðu milli ára um 13 % en tekjur vegna **stöðubrotagjalda** jukust um 27 % á milli ára.

Rekstrargjöld voru 744 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 815 mkr. Rekstrargjöld fyrir sama tímabil árið 2015 voru 783 mkr. **Launakostnaður** var 48 mkr undir áætlun og hefur undanfarin ár verið talsvert undir áætlun. Það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Ástæða starfsmannaveltu má m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi. Hækkun í lífeyrisskuldbindingu nam 27 mkr á árinu og var 14 mkr

4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta



439,0 stig eða um 1,9% á tímabilinu desember 2015 til desember 2016.

Innkaup Reykjavíkurborgar á **matvælum** árið 2016 voru um 2,1 milljarðar þar af voru innkaup skóla og frístundasviðs (SFS) rúmir 1,4 milljarðar. Frá árinu 2008 hefur hlutfall SFS í innkaupum á matvælum verið um 70% af heildarinnkaupum vöruflokksins innan Aðalsjóðs.

Innkaupadeild hefur gert **rammasamninga** um alla helstu vöruflokka sem tengjast almennum innkaupum á vörum og þjónustu þvert á svið. Vöruverð í rammamningum á að gefa heildinni kost á góðum kjörum hvort sem eining er lítil eða stór. Að ákveðnum forsendum uppfylltum er heimilt að beita svokölluðum **örútboðum** innan rammamninga og hefur þeirri aðferð verið beitt við innkaup á matvælum og vörum tengdum upplýsingatækni. Öll örútboðin hafa skilað umtalsvert betri kjörum heldur en lægstbjóðandi bauð í sjálfu rammamningsútboðinu. Helstu ástæður þess er skipulagning innkaupa, stærðarhagkvæmni og lækkuð viðskiptakostnaðar.

Á töflunum hér til hliðar má sjá **heildarumfang** innkaupanna brotið niður á hvern sjóð fyrir sig. Heildarhækkun útgjalda í **Aðalsjóði** vegna vöru- og þjónustukaupa nam um 2% milli ára. Í Aðalsjóði hefur húsnæðiskostnaður hækkað mest eða um 9% á milli ára þar vega þyngst útgjöld vegna rafmagns, hita, ræstingar, ásamt móttöku- og eyðingargjöldum.

Útgjöld **Eignasjóðs** vegna vöru- og þjónustukaupa lækkuðu um rúmlega 3% milli ára.

Útgjöld **Bílastæðasjóðs** vegna vöru- og þjónustukaupa lækkuðu um tæplega 3% á ára.

Innkaupagreining Innkaup á vörum og þjónustu A-hluta samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði.

Innkaupagreiningu er ætlað að veita yfirsýn á einfaldan hátt hvernig innkaupum borgarinnar á vörum og þjónustu er háttað og sjá þróun innkaupa í þessum flokkum hjá borginni á milli ára. Innkaupagreining varpar ljósi á þau tækifæri sem liggja í miðlægum innkaupum, auk þess að meta áhrif af miðlægum innkaupasamningum. Þá er hægt að sjá hversu mikið af **rekstrarfé** borgarinnar fer í aðföng og þjónustu. Allar tölur í innkaupagreiningunni eru settar fram á **verðlagi hvors árs** í mkr.

Myndin sýnir heildarveltu sjóðanna sem standa fyrir A-hluta og þá flokka sem vega mest í heildarinnkaupum A-hluta. Styrkir og leigugjöld eru ekki hluti af innkaupagreiningu, né verkframkvæmdir og eignfærðar fjárfestingar.

Vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði úr 430,8 stigum í

A-hluti	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	9.840	9.810	0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8.343	8.249	1%
Húsnæðiskostnaður	4.970	4.862	2%
Samtals	23.153	22.921	1%

Aðalsjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	8.865	8.499	4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.957	6.109	-2%
Húsnæðiskostnaður	2.234	2.040	9%
Samtals	17.056	16.648	2%

Eignasjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	946	1.272	-26%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.254	2.009	12%
Húsnæðiskostnaður	2.475	2.558	-3%
Samtals	5.675	5.839	-3%

Bílastæðasjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	29	39	-26%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	132	131	1%
Húsnæðiskostnaður	261	264	-1%
Samtals	422	434	-3%

A-hluti þjónustukostnaður	2016	2015	Breyting
Akstur/vélaleiga	1.441	1.470	-2%
Annar kostnaður	35	133	-74%
Bækur og kennslufni	284	249	14%
Vörukaups vegna þjónustu	73	70	5%
Matvæli	2.141	2.022	6%
Milliviðskipti verkbókhald	496	481	3%
Trygginar og tjón	211	147	43%
Vörukaup- endursala, leiga/umboðssala	178	189	-5%
Sameiginlegur kostnaður	4.980	5.050	-1%
Samtals	9.840	9.810	0%

Í töflu **skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar** er A-hlutinn brotinn niður til að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Flokkurinn dregur saman þá þætti sem tengjast upplýsingatækni, stoðþjónustu, kynningu og rekstri. Heildarhækkun nemur rúmlega 1%.

A-hluti húsnæðiskostnaður	2016	2015	Breyting
Sorphirða og ræsting	1.182	1.056	12%
Rekstur húsnæðis	3.224	3.072	5%
Sameiginlegur rekstur	376	568	-34%
Víðhald og framkvæmdir	188	166	14%
Samtals	4.970	4.862	2%

Á meðfylgjandi töflu má sjá **þjónustukostnað** (kjarnastarfsemi) A-hluta brotinn niður svo hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli ára. Undir flokknum þjónustukostnaður falla þættir sem búið er að flokka sem beinan kostnað við veitingu þjónustu borgarinnar. Samanlögð heildarhækkun á flokknum þjónustukostnaður var innan við 1%.

A-hluti Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2016	2015	Breyting
Annar kostnaður	125	358	-65%
Auglýsingar og kynningarkostnaður	213	196	9%
Áhöld og rekstrarvörur	1.075	956	12%
Innheimtukostnaður	459	416	10%
Ferðir og ráðstefnur	256	247	3%
Fjarskiptakostnaður	383	377	2%
Opinber gjöld	344	184	87%
Prentkostnaður	88	103	-15%
Risna, gjafir og verðlaun	31	31	1%
Sameiginlegur kostnaður	1.245	1.222	2%
Sérfræðiþjónusta/Aðkeypt vinna	2.673	2.710	-1%
Starfsmannkostnaður	334	328	2%
Tölvur og upplýsingatækni	1.117	1.122	0%
Samtals	8.343	8.249	1%

Taflan hér að ofan sýnir kostnað A-hluta sem fellur til vegna reksturs **húsnæðis** en þar nam heildarhækkun rúmlega 2%.

Framgangur aðgerðaáætlunar innkaupadeildar

Bætt skipulag innkaupa og samræming þeirra / Bætt upplýsingagjöf til stjórnenda / Aukin nýting upplýsingatækni

- Áhersla hefur verið lögð á að birta sundurliðaðar upplýsingar um fjármál á vefsíðu Reykjavíkurborgar, „Opin fjármál“ og hafa upplýsingar verið aðgengilegar frá nóvember 2016. Opin fjármál auðvelda öllum áhugasömum aðgang að upplýsingum um það í hvað fjármunum er varið. Þetta verkefni er í þróun.
- Verið er að skoða möguleika þess að rafrænir reikningar innifeli vörflokkunarstaðalinn UNSPSC sem myndi bæta verulega við upplýsingar um innkaup. Notkunarmöguleikar innkaupakerfis eru einnig í skoðun.
- Stefnt er að sameiginlegri innkaupaáætlun sem gerir þeim sem að innkaupum koma kleift að meta umfang þeirrar vinnu sem fer til að mynda í undirbúning við gerð og mótun útboðsgagna.
- Innkaupadeild hefur lagt áherslu á aukna notkun upplýsingatækni og um mitt ár 2015 var tekið í notkun útboðskerfið EU Supply en það er algengasta útboðskerfi sem notað er í Evrópu og uppfyllir það allar kröfur sem gerðar eru til opinberra útboðskerfa. Innkaupadeild vann að staðfærslu kerfisins og útbjó form fyrir öll stöðluð gögn ásamt leiðbeiningum fyrir bjóðendur. Fyrsta útboðið fór í gegn og var opnað 17. mars 2016. Í gegnum útboðskerfið geta væntanlegir bjóðendur nálgast gögn og sent inn tilboð með rafrænum hætti. Útboðskerfinu er ætlað að lækka umsýslukostnað, auka öryggi og styðja vistvænar áherslur Reykjavíkurborgar.
- Vefsíða innkaupa er í stöðugri þróun og leitast er við að einfalda og auka aðgengi fyrir notendur hennar.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs fyrir sig og ákvörðunarvald um samræmingu innkaupa er hjá sviðsstjórum. Hlutverk innkaupadeildar er að finna tækifærin og kynna möguleikana.
- Innkaup hafa veruleg áhrif á skilvirkni í rekstri og fjárhagslega afkomu og samræmd innkaup geta aukið skilvirkni í innkaupum.
- Skilgreining innkaupa strax í upphafi þarfagreiningar hefur mikil áhrif á kostnað en skipulagðir innkaupaferlar skila besta mögulega verði hverju sinni.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Illo hefur gengið að hrinda í framkvæmd ákvörðun borgarráðs að sviðin geri samræmdar innkaupaáætlanir í upphafi hvers árs á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar.

5. Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 8.018 mkr og tekjur sem komu á móti voru 6.654 mkr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 1.364 mkr eða 535 mkr undir áætlun.

Málefni fatlaðs fólks 2016			
Tekjur:	í mkr	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		5.066	4.464
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		65	67
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		38	41
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.183	1.167
Þjónustutekjur		136	56
Útsvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes		51	45
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		117	108
Tekjur alls		6.654	5.949
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.981	4.782
Húsaleiga		328	283
Annar rekstrarkostnaður		437	617
Þjónustugjöld (samningar)		1.831	1.687
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)		22	18
Stjórnunarkostnaður		50	59
Lengd viðvera ÍTR		123	126
Lengd viðvera SFS		247	274
Gjöld alls		8.018	7.848
Niðurstaða		-1.364	-1.899

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2016 voru hjúkrunarheimilin rekin með 256 mkr halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2016.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 2008-2016 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
Samtals	1.331	795	2.126

Tónlistarskólar Útgjöld vegna einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík námu 1.281 mkr á árinu 2016. Af því voru greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem Reykjavíkurborg hefur milligöngu um 412 mkr.

6. Lykiltölur mannauðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannauðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árin 2015 og 2016. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

	2015			2016			
Lykiltölur um mannauð - A-hluti	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	1.684 (40)	5.176 (27)	6.860 (67)	1.700	5.187	6.887	→ 0,4%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	428.589	783.150	1.211.739	437.759	768.531	1.206.290	→ -0,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	444.702	817.073	1.261.775	461.917	826.352	1.288.269	→ 2,1%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	637.863	1.256.670	1.894.533	476.359	1.077.879	1.554.238	↓ -18,0%
Hjólreiðasamningur				12.147	10.316	22.463	

Sundurliðun einstök svið

	2015			2016			
Íþrótt- og tómstundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	132 (5)	117 (3)	249 (8)	151	120	271	→ 8,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	63.444	48.392	111.836	67.049	48.566	115.616	→ 3,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	63.155	61.928	125.083	64.247	57.480	121.728	→ -2,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	57.618	23.122	80.740	45.730	12.203	57.933	↓ -28,2%
Hjólreiðasamningur				450	450	900	

	2015			2016			
Menningar- og ferðamálasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	39 (3)	120 (4)	159 (7)	35	118	153	→ -3,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	9.813	21.649	31.462	9.838	21.625	31.463	→ 0,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	5.451	12.508	17.959	5.364	11.833	17.197	→ -4,2%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	20.905	31.318	52.223	12.720	27.810	40.530	↓ -22,4%
Hjólreiðasamningur					330	330	

	2015			2016			
Skóla- og frístundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	720 (4)	3.397 (10)	4.117 (14)	745	3.401	4.146	→ 0,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	99.789	326.419	426.208	101.236	304.808	406.044	→ -4,7%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	37.249	49.604	86.853	36.169	51.435	87.604	→ 0,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	94.044	192.612	286.656	98.267	173.997	272.264	→ -5,0%
Hjólreiðasamningur				2.428	3.582	6.010	

	2015			2016			
Velferðarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	325 (2)	1.251 (5)	1.576 (7)	350	1.276	1.626	→ 3,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	96.778	316.195	412.973	110.993	323.108	434.101	→ 5,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	299.971	690.591	990.562	314.217	703.402	1.017.618	→ 2,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	144.567	919.042	1.063.609	146.486	841.939	988.425	→ -7,1%
Hjólreiðasamningur				2.349	2.400	4.749	

	2015			2016			
Miðlæg stjórnsýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	119 (10)	158 (3)	277 (13)	103	147	250	↘ -9,75%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	37.721	39.036	76.757	36.218	38.765	74.982	↘ -2,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	16.647	192	16.839	17.472	192	17.664	↘ 4,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	112.630	40.851	153.481	65.490	12.873	78.363	↘ -48,9%
Hjólreiðasamningur				900	1.350	2.250	

	2015			2016			
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	8	5	13	8	6	14	↗ 7,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.820	1.848	4.668	2.820	2.130	4.950	↗ 6,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	0	0	0	0	0	0	↘ 0,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	12.354	4.164	16.518	3.671	941	4.612	↘ -72,1%

	2015			2016			
Umhverfis- og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	321 (16)	118 (2)	439 (18)	292	108	400	↘ -8,9%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	111.131	26.726	137.857	103.364	26.337	129.701	↘ -5,9%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	20.053	2.250	22.303	21.612	2.010	23.622	↗ 5,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	195.745	43.561	239.306	103.995	8.116	112.111	↘ -53,2%
Hjólreiðasamningur				6.020	2.205	8.225	

	2015			2016			
Bílastæðasjóður	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári (meðaltal)	20	10	30	17	11	28	↘ -6,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	7.093	2.885	9.978	6.240	3.193	9.432	↘ -5,5%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	2.176	0	2.176	2.835	0	2.835	↗ 30,3%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	0	2.000	2.000	0	0	0	↘ -100,0%

7. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Reykjavíkurborg vinnur nú að **lokaáfang** innleiðingar á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun en sá áfangi snýr að áframhaldandi **greiningu á þjónustubáttum** borgarinnar, **jafnréttismati** á liðum fjárhagsáætlunar, söfnun og birtingu **tölfræðigagna** og enn frekara **samstarfi** við innlenda og erlenda aðila. Markmið innleiðingar er að safna gögnum og skapa þekkingu um ólíka stöðu borgarbúa sem leiðir af sér réttlátari dreifingu gæða og fjármuna.

Sviðin vinna nú að greiningu þjónustubátta miðað við fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun. Hluti vinnunnar fer fram samhliða hagræðingarvinnu borgarinnar en jafnréttismeta á allar hagræðingartillögur sem hafa áhrif á borgarbúa auk þess sem sviðum ber að kalla eftir kyn- og jaðargreindum gögnum í sínum úttektum við leit að hagræðingarleiðum.

Svið/Skrifstofur	Verkefni
Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)	Hitt Húsið
Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Viðhorf og hegðun ferðamanna
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Styrkir
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Skráning og öflun kyngreindra gagna
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	Landupplýsingadeild
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	Grasagarðurinn
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	Vinnuskólinn
Velferðarsvið (VEL)	Stuðningsþjónustan
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Barnamenningarhátíð

Stýrihópur KFS og SEA hafa lokið vinnu við endurskoðun á verklagi við gerð fjárfestingaáætlunar þar sem sviðum ber að leggja fram rökstuðning og niðurstöður jafnréttisskimunar með tillögum sínum.

Starfshópur um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg hefur hafið vinnu sína en eitt af verkefnum hópsins er að tryggja að gögn séu greinanleg niður á kyn og jaðarsetta hópa.

Stýrihópur KFS vinnur nú að starfs- og aðgerðaráætlun næsta árs þar sem aðal áherslan er á að festa betur í sessi verklag KFS. Framundan er innleiðingarvinna á breyttu verklagi vegna jafnréttisskimunar og jafnréttismats í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Jafnréttismat: Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir því að þurfa að ganga í gegnum hagræðingu. Jafnréttismeta þarf tillögur sem hafa áhrif á stöðu fólks. Við mótun aðgerðaáætlunar er mikilvægt að halda til haga markmiðum og aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar og rýna áhrif aðgerða á jaðarsetta hópa. Kalla þarf eftir jafnréttismati ef það liggur ekki fyrir við framlögn þeirra tillagna sem hafa áhrif á kynin og jaðarsetta hópa en starfshópar undir stýrihóp hagræðingar bera ábyrgð á framkvæmd þess og skilum. Mikilvægt er að kalla eftir kyngreindum gögnum í öllum þeim úttektum sem hagræðingin vinnur að þegar kemur að þjónustu við borgarbúa.
- Fylgja þarf eftir verkferlum jafnréttisskimunar við val á fjárfestingaleiðum í samstarfi við SEA
- Kyngreind gögn: starfshóps um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg hefur hafið vinnu sína.
- Fagsvið þurfa að fylgja áætlun um það hvernig ná eigi markmiðum um greiningu á þjónustubáttum en sú vinna fer fram samhliða hagræðingarvinnu sviðanna.
- Þjónustubættir: Tryggja þarf að vinna fagsviða og skrifstofa með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sé að skila sér í bættum verkferlum og réttlátari ráðstöfunum fjármuna þegar við á enda á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar að vera notuð í öllu fjárhagsáætlunarferlinu.

8. Innheimtuárangur

Fjárhæðir í þús.kr.

Innheimta krafna í lög- og milliinnheimtu

	31.12.2015		31.12.2016	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Mál í löginnheimtu	1.102	139.707	584	96.957
Kröfur í milliinnheimtu	15.791	704.607	15.388	587.613
Samtals	16.893	844.313	15.972	684.570

Innheimtuhlutföll 2012-2016

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna innheimtist tímabilið janúar-desember á útgáfuári þeirra.

Útgefnar kröfur 2012-2016 innheimtar á útgáfuári	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016
Fasteignagjöld	97,03%	97,90%	98,41%	94,89%	98,83%
Íþrótta- og tómstundasvið	97,70%	97,58%	97,90%	99,20%	98,37%
Skóla- og frístundasvið	95,14%	93,27%	95,00%	94,89%	95,39%
Menningar- og ferðamálasvið	96,30%	92,70%	93,80%	95,50%	96,50%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	93,80%	95,52%	93,49%	89,40%	91,70%
Velferðarsvið	89,60%	88,32%	93,40%	96,80%	97,10%
Aðrar kröfur	99,50%	98,10%	96,80%	97,10%	99,60%

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna hvers árs hefur innheimst þann 31.12.2016.

Útgefnar kröfur 2012-2016 innheimtar 2016	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016
Fasteignagjöld	99,99%	99,99%	100,00%	99,60%	98,83%
Íþrótta- og tómstundasvið	99,95%	99,92%	99,94%	99,95%	98,37%
Skóla- og frístundasvið	99,67%	99,33%	99,01%	98,86%	95,39%
Menningar- og ferðamálasvið	99,61%	99,28%	98,94%	97,36%	96,50%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	99,14%	98,72%	98,19%	96,71%	91,70%
Velferðarsvið	97,22%	97,90%	98,59%	98,85%	97,10%
Aðrar kröfur	100,00%	99,43%	98,76%	97,61%	99,60%

Viðauki 1: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana

Fjárhæðir eru í mkr.

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu borgarrekinnna **grunnskóla** á árinu 2016:

Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Háaleitisskóli	-0,6	-15,0	-22,4	-38,0	-4,47%	Halli 4% og yfir
Seljaskóli	1,7	-18,9	-7,2	-24,4	-3,20%	Halli 2-3,99%
Ölduselsskóli	6,3	-15,2	-11,4	-20,3	-2,82%	Halli 2-3,99%
Sæmundarskóli	2,8	-11,3	-11,5	-20,0	-2,70%	Halli 2-3,99%
Rimaskóli	-0,8	-20,4	3,8	-17,4	-2,33%	Halli 2-3,99%
Háteigsskóli	2,7	4,4	-19,1	-12,1	-2,14%	Halli 2-3,99%
Foldaskóli	0,4	-11,2	-4,0	-14,9	-1,86%	Halli 0-1,99%
Dalskóli	4,2	0,9	-12,5	-7,4	-1,65%	Halli 0-1,99%
Selásskóli	4,8	-1,9	-9,0	-6,1	-1,50%	Halli 0-1,99%
Hlíðaskóli	6,5	-6,6	-11,2	-11,3	-1,44%	Halli 0-1,99%
Fossvogsskóli	2,9	15,0	-24,0	-6,1	-1,38%	Halli 0-1,99%
Langholtsskóli	7,8	-11,8	-8,1	-12,0	-1,31%	Halli 0-1,99%
Hagaskóli	10,0	-5,3	-13,0	-8,3	-1,31%	Halli 0-1,99%
Ártúnsskóli	4,2	4,1	-12,9	-4,6	-1,15%	Halli 0-1,99%
Norðlingaskóli	1,8	2,2	-13,1	-9,1	-0,94%	Halli 0-1,99%
Melaskóli	12,3	5,1	-23,4	-5,9	-0,80%	Halli 0-1,99%
Hólabrekkuskóli	-2,4	0,0	-0,5	-3,0	-0,44%	Halli 0-1,99%
Breiðholtsskóli	8,1	-3,0	-8,0	-2,9	-0,43%	Halli 0-1,99%
Laugalækjarskóli	7,4	0,1	-8,4	-1,0	-0,19%	Halli 0-1,99%
Laugarnesskóli	5,4	17,3	-22,6	0,2	0,02%	Afgangur
Hamraskóli	5,1	6,9	-11,4	0,6	0,17%	Afgangur
Vættaskóli	5,4	5,0	-7,9	2,5	0,29%	Afgangur
Grandaskóli	5,5	5,0	-8,7	1,8	0,41%	Afgangur
Breiðagerðisskóli	2,9	17,1	-16,9	3,0	0,57%	Afgangur
Ingunnarskóli	10,5	-0,5	-6,3	3,7	0,60%	Afgangur
Húsaskóli	8,2	3,4	-9,0	2,6	0,70%	Afgangur
Árbæjarskóli	5,0	9,1	-8,0	6,0	0,71%	Afgangur
Kelduskóli	3,0	20,2	-17,2	5,9	0,86%	Afgangur
Vesturbæjarskóli	0,7	18,7	-12,7	6,7	1,28%	Afgangur
Klébergsskóli	0,2	11,6	-6,6	5,2	1,47%	Afgangur
Réttarholtsskóli	-0,4	36,4	-25,4	10,5	2,01%	Afgangur
Vogaskóli	9,5	18,9	-15,3	13,1	2,20%	Afgangur
Fellaskóli	13,1	5,9	-1,9	17,1	2,48%	Afgangur
Austurbæjarskóli	-0,8	23,8	-4,2	18,7	2,74%	Afgangur
Brúarskóli	-1,9	33,7	-19,3	12,5	2,82%	Afgangur
Klettaskóli	3,0	58,1	-30,1	31,0	3,45%	Afgangur
Samtals	154,5	201,4	-439,7	-83,7		

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu borgarrekinnna **leikskóla** á árinu 2016:

Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Jörfi	0,0	-10,0	-1,1	-11,0	-8,08%	Halli 4% og yfir
Vesturborg	0,3	-7,8	-1,8	-9,3	-7,81%	Halli 4% og yfir
Hlíð	0,0	-9,1	-4,7	-13,8	-6,41%	Halli 4% og yfir
Engjaborg	0,0	3,9	-11,9	-8,0	-6,30%	Halli 4% og yfir
Sólborg	0,3	-4,8	-6,3	-10,8	-5,03%	Halli 4% og yfir
Miðborg	1,7	-11,6	-1,1	-11,0	-4,74%	Halli 4% og yfir
Hagaborg	0,1	-6,2	-2,0	-8,1	-4,59%	Halli 4% og yfir
Geislabaugur	0,0	-7,2	-1,8	-9,0	-4,51%	Halli 4% og yfir
Grandaborg	0,4	-7,0	-0,2	-6,7	-4,34%	Halli 4% og yfir
Mýri	0,0	-2,4	-0,4	-2,8	-4,01%	Halli 4% og yfir
Borg	0,0	2,7	-10,6	-7,9	-3,68%	Halli 2-3,99%
Múlaborg	0,0	-2,9	-3,9	-6,8	-3,27%	Halli 2-3,99%
Hulduheimar	0,2	7,8	-12,4	-4,4	-3,24%	Halli 2-3,99%
Tjörn	0,0	-1,5	-3,5	-4,9	-2,87%	Halli 2-3,99%
Mariuborg	0,0	-2,2	-2,1	-4,4	-2,84%	Halli 2-3,99%
Grænaborg	0,2	2,1	-5,7	-3,4	-2,52%	Halli 2-3,99%
Drafnarsteinn	2,4	-5,9	-1,5	-4,9	-2,52%	Halli 2-3,99%
Álftaborg	0,1	6,2	-10,2	-3,8	-2,36%	Halli 2-3,99%
Langholt	0,6	-6,7	-1,1	-7,2	-2,35%	Halli 2-3,99%
Seljakot	0,1	2,9	-5,1	-2,1	-1,77%	Halli 0-1,99%
Hólaborg	0,1	0,8	-2,6	-1,8	-1,55%	Halli 0-1,99%
Lyngheimar	0,0	-0,6	-1,3	-2,0	-1,42%	Halli 0-1,99%
Bakkaborg	0,0	-1,2	-1,1	-2,2	-1,15%	Halli 0-1,99%
Sunnufold	0,1	3,4	-6,3	-2,7	-1,06%	Halli 0-1,99%
Árborg	0,0	-0,4	-0,7	-1,1	-1,01%	Halli 0-1,99%
Laugasól	0,3	0,3	-3,3	-2,7	-0,93%	Halli 0-1,99%
Rofaborg	0,3	1,1	-3,9	-2,5	-1,20%	Halli 0-1,99%
Furuskógur	0,1	2,8	-4,4	-1,5	-0,70%	Halli 0-1,99%
Sunnuás	1,8	15,1	-18,7	-1,8	-0,66%	Halli 0-1,99%
Nóaborg	0,4	4,9	-6,1	-0,9	-0,61%	Halli 0-1,99%
Gullborg	0,0	2,2	-3,1	-0,8	-0,54%	Halli 0-1,99%
Suðurborg	0,7	13,7	-15,3	-0,9	-0,38%	Halli 0-1,99%
Heiðarborg	0,2	6,0	-6,5	-0,3	-0,22%	Halli 0-1,99%
Blásalir	0,3	3,0	-3,4	-0,1	-0,07%	Halli 0-1,99%
Reynisholt	0,5	1,7	-2,3	-0,1	-0,05%	Halli 0-1,99%
Sæborg	0,1	1,6	-1,7	-0,1	-0,04%	Halli 0-1,99%
Klettaborg	0,0	11,0	-11,0	0,0	-0,02%	Halli 0-1,99%

Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Bjartahlíð	0,6	6,4	-6,0	1,0	0,40%	Afgangur
Fífuborg	0,1	2,3	-1,6	0,7	0,54%	Afgangur
Seljaborg	0,1	4,2	-3,6	0,7	0,69%	Afgangur
Jöklaborg	0,2	4,8	-3,7	1,3	0,78%	Afgangur
Steinahlíð	0,0	2,0	-1,2	0,9	0,79%	Afgangur
Rauðhóll	0,0	12,1	-7,2	4,9	1,18%	Afgangur
Stakkaborg	0,1	3,2	-0,9	2,4	1,66%	Afgangur
Rauðaborg	0,0	2,4	-0,8	1,7	1,67%	Afgangur
Laufskálar	0,3	7,8	-5,5	2,6	1,69%	Afgangur
Austurborg	0,0	8,5	-5,7	2,8	1,77%	Afgangur
Klambrar	0,1	5,7	-3,8	2,0	1,56%	Afgangur
Hraunborg	0,1	5,3	-3,2	2,2	1,88%	Afgangur
Hof	0,2	6,3	-2,5	4,0	2,05%	Afgangur
Kvistaborg	0,9	9,8	-8,4	2,3	2,07%	Afgangur
Ægisborg	0,3	5,4	-1,8	3,9	2,52%	Afgangur
Holt	0,1	8,0	-3,5	4,6	2,47%	Afgangur
Brákarborg	0,0	4,0	-1,5	2,6	2,60%	Afgangur
Vínagerði	0,0	13,4	-8,6	4,7	3,67%	Afgangur
Ösp	2,8	5,7	-4,0	4,5	4,19%	Afgangur
Hálsaskógur	7,5	10,1	-7,2	10,4	4,32%	Afgangur
Hamrar	0,1	11,5	-3,2	8,4	5,24%	Afgangur
Brekuborg	0,0	9,3	-0,8	8,4	5,96%	Afgangur
Leikskólinn Berg	-1,3	4,5	-0,2	3,0	3,48%	Afgangur
Garðaborg	0,2	9,2	-1,1	8,3	8,72%	Afgangur
Bakkaberg (notað til 31.08.2016)	4,2	-3,4	-2,7	-1,9	x	
Leikskólinn Bakki	-3,5	-7,2	0,2	-10,5	x	
Sjónarhóll	0,0	0,1	-0,7	-0,6	x	
Samtals	24,1	157,4	-268,1	-86,6		

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu **frístundamiðstöðva** á árinu 2016:

Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Frístundaklúbbar	0,2	2,2	-9,6	-7,3	-6,2%	Halli 4% og yfir
Frístundamiðstöðin Miðberg	20,6	5,4	-23,2	2,9	0,7%	Afgangur
Frístundamiðstöðin Tjörn (Kampur Frostaskjól)	10,2	8,2	-14,4	4,1	0,7%	Afgangur
Frístundamiðstöðin Gufunesbær	15,5	15,3	-17,4	13,5	3,5%	Afgangur
Miðlæg verkefni frístundamála	-37,8	49,8	3,4	15,4	17,5%	Afgangur
Frístundamiðstöðin Ársel	7,5	20,6	-9,3	18,8	5,9%	Afgangur
Frístundamiðstöðin Kringlumýri	73,1	30,4	-57,1	46,4	5,2%	Afgangur
Samtals	89,4	131,9	-127,6	93,6		

Viðauki 2: Rekstraruppgjör skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Í janúar árið 2014 tók gildi nýr samningur á milli sveitarfélaga með aðild að rekstri skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu um að rekstur skíðasvæðanna myndi flytjast yfir til ÍTR. Hefur ÍTR rekið skíðasvæðin frá janúar 2014. Sú reynsla hefur verið góð og nú hefur þessi samningur verið framlengdur um 3 ár.

Á árinu 2016 greiddu sveitarfélögin rekstrarframlag til skíðasvæðanna sem nemur 150,3 mkr og framkvæmdarframlag upp á 50 mkr Greiðslur skiptast samkvæmt íbúafjölda hjá sveitarfélögunum á milli ára.

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu. Í þessari töflu má sjá hvernig breyting á hlutföllum sveitarfélaganna í rekstri skíðasvæðanna hefur verið að breytast s.l. 3 ár.

Sveitarfélag	2014		2015		2016		Breyting	
		Hlutföll		Hlutföll		Hlutföll	2014/2015	2015/2016
Reykjavík	121.230	58,1%	121.822	57,7%	122.460	57,4%	-0,42%	-0,3%
Kópavogur	32.308	15,5%	33.205	15,7%	34.140	16,0%	0,24%	0,3%
Seltjarnarnes	4.381	2,1%	4.411	2,1%	4.415	2,1%	-0,01%	0,0%
Garðabær	14.180	6,8%	14.453	6,8%	14.717	6,9%	0,05%	0,0%
Hafnarfjörður	27.357	13,1%	27.875	13,2%	28.189	13,2%	0,09%	0,0%
Mosfellsbær	9.075	4,4%	9.300	4,4%	9.481	4,4%	0,05%	0,04%
Alls:	208.531		211.066		213.402			

Þannig er Reykjavíkurborg að greiða 0,72%-stigum minna af heildarframlögunum árið 2016 en þau voru að gera árið 2014.

Rekstrarframlög Reykjavíkurborgar til skíðasvæðanna fyrir árið 2016 voru 86,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 87 mkr eða 0,7 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstur skíðasvæðanna í heild sinni árið 2016 var 16,2 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur hafa aldrei verið jafn háar eða 375,8 mkr sem er 96,6 mkr yfir áætlun eða 34,6%. Skýrist það helst af því að aðgangseyri var 81,7 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarframlög sveitarfélaganna voru 150,3 mkr en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 157,7 en þá kom hagræðingarkrafa upp á 7,4 mkr á skíðasvæðin sem brugðist var við.

Laun og launatengd gjöld eru 182,6 mkr sem er 34,4 mkr eða 23,2 % yfir áætlun. Skýringar á því eru tvær, annars vegar er það aukin aðsókn og opnunardagar sem hefur leitt til þess að fleiri starfsmenn hafa verið í vinnu og yfirvinna hefur verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Annar rekstrarkostnaður er 193,2 mkr eða 46,1 mkr yfir áætlun sem er 31,3%. Skýrist það af meiri aðsókn, þar sem almennur rekstur var 20,4 mkr yfir áætlun, brekkur og svæði voru 8,7 mkr yfir áætlun, lyftur og lýsing voru 5,5 mkr yfir áætlun og kostnaður vegna moksturs á bílastæðum var 3,9 mkr yfir áætlun.

Rekstraruppgjör 2016 í samanburði við rekstur 2015.

Rekstur	2016	2015	frávik
Alls tekjur	-375.840.947	-343.673.057	9,4%
Alls laun og launat.	182.622.295	153.452.004	19,0%
Alls annar rekstrark.	193.218.652	193.148.691	0,0%

Rekstrar- og framkvæmdarframlög sveitarfélaganna fyrir árið 2016 skiptist samkvæmt töflunni hér að neðan.

	Hlutf.	Rekstrarframlag	Framkvæmdarframlag
Reykjavíkurborg	57,4%	86.253.194 kr.	28.692.327 kr.
Kópavogsbær	16,0%	24.046.089 kr.	7.998.988 kr.
Hafnarfjarðarkaupstaður	13,2%	19.854.575 kr.	6.604.671 kr.
Garðabær	6,9%	10.365.738 kr.	3.448.187 kr.
Mosfellsbær	4,4%	6.677.826 kr.	2.221.394 kr.
Seltjarnarnesbær	2,1%	3.109.651 kr.	1.034.433 kr.
		150.307.073 kr.	50.000.000 kr.

Greiðslur vegna rekstrarframlaga eru 150,3 mkr en þau voru lækkuð á árinu vegna hagræðingar um 7,2 mkr, samkvæmt samþykkt hjá SSH.